

Alþingi  
Máli nr. B. 138/861  
komudagur 19.12.2009

SKÝRSLA UM GREIDSLU-  
STÖÐVUN OG ÖNNUR MÁLEFNI  
LANDSBANKA ÍSLANDS HF.

**Landsbanki Íslands hf.**  
Resolution Committee | Skilanefnd  
Winding-up Board | Slitastjórn

# EFNISYFIRLIT

SKAMMSTAFANIR.....	5
1 INNGANGUR.....	7
2 SÖGULEGT YFIRLIT .....	9
2.1 AÐDRAGANDI HRUNSINS .....	9
3 SKILANEFND .....	12
3.1 HELSTU VERKEFNI SKILANEFNDAR .....	12
3.2 HELSTU VERKEFNI SKILANEFNDAR Í DAG .....	13
3.2.1 AÐ GÆTA HAGSMUNA KRÖFUHAFNA .....	13
3.2.2 STJÓRN Á AFDRIFUM ERLENDRA EIGNA .....	14
3.2.2.1 ÚTIBÚIÐ Í AMSTERDAM.....	14
3.2.2.2 LANDSBANKI LÚXEMBOURG.....	14
3.2.2.3 ALÞJÓÐLEGAR FJÁRMÁLAEIGNIR (E. GLOBAL EXPOSURES) .....	14
3.2.2.4 VIÐURKENNING Á GREIÐSLUSTÖÐVUN.....	14
3.2.3 SAMNINGAVIÐRÆÐUR MILLI LBI OG FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIS.....	15
3.2.3.1 ÁKVARÐANIR FME UM SKIPTINGU EIGNA.....	15
3.2.4 INNRI ENDURSKOÐUN .....	17
3.2.5 SAMSKIPTI VIÐ KRÖFUHAFNA.....	18
3.2.6 INNHEIMTAR KRÖFUR OG INNLAUSN VEÐANDLAGA .....	18
3.2.7 SKIPULAG DAGLEGRA VERKEFNA SKILANEFNDAR .....	18
4 GREIÐSLUSTÖÐVUN OG AÐSTOÐARMAÐUR .....	22
4.1 LBI Í GREIÐSLUSTÖÐVUN.....	22
4.1.1 RÁÐSTÖFUN EIGNA OG RÉTTINDA Í GREIÐSLUSTÖÐVUN.....	22
4.1.2 GREIÐSLUSTÖÐVUN: 5. DESEMBER 2008 - 26. FEBRÚAR 2009.....	23
4.1.3 GREIÐSLUSTÖÐVUN: 26. FEBRÚAR 2009 – 26. NÓVEMBER 2009.....	23
4.1.4 GREIÐSLUSTÖÐVUN: FRAMHALDIÐ .....	23
4.1.5 ÁHRIF GREIÐSLUSTÖÐVUNAR .....	24
4.1.6 VIÐURKENNING GREIÐSLUSTÖÐVUNAR LBI UTAN ÍSLANDS.....	24
4.2 HELSTU VERKEFNI AÐSTOÐARMANNS FYRIR GILDISTÖKU LAGA NR. 44/2009.....	24
4.3 LÖG NR. 44/2009 OG BREYTINGAR Á LÖGUM NR. 161/2002 (FFL) .....	24
4.3.1 BREYTT VERKEFNI AÐSTOÐARMANNS .....	25
5 SLITASTJÓRN.....	28

5.1 KRÖFULÝSINGAFERLIÐ.....	28
5.2 STÖRF OG VERKEFNI SLITASTJÓRNAR .....	29
5.2.1 INNKÖLLUN, MÓTTAKA OG MEÐFERÐ KRÖFULÝSINGA.....	29
5.2.2 MEÐFERÐ KRAFNA OG AFSTAÐA.....	29
5.2.3 GAGNKVÆMIR SAMNINGAR .....	30
5.2.4 SKULDAJÖFNUN.....	30
5.2.5 DÓMSMÁL Á HENDUR BANKANUM .....	30
5.2.6 RIFTUN RÁÐSTAFANA.....	31
5.2.7 RANNSÓKN Á MÁLEFNUM BANKANS.....	31
5.2.8 VIÐBRÖGD VIÐ INNHEIMTUADGERÐUM ERLENDIS.....	31
5.2.9 BÓTAKRÖFUR Á HENDUR ÞRIÐJU AÐILUM .....	32
5.2.10 FJÁRSTÝRING .....	32
5.3 KRÖFUHAFAFUNDIR .....	32
6 STARFSEMI LBI.....	35
6.1 LÖGFRÆÐISVIÐ .....	35
6.2 FYRIRTÆKJASVIÐ.....	35
6.3 FJÁRHAGS- OG REKSTRARSVIÐ .....	36
6.4 ÁHÆTTUEFTIRLITSSVIÐ.....	36
6.5 ALMANNATENGL OG KRÖFUHAFASAMSKIPTI.....	36
6.6 FJÁRSTÝRING- SJÓDIR.....	36
6.7 KRÖFUFERLI .....	37
6.8 LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF SLITASTJÓRNAR.....	37
6.9 AÐGERÐIR Í SLITAFERLI.....	37
6.10 ERLEND ÚTIBÚ/DÓTTURFÉLÖG .....	37
6.10.1 ÚTIBÚIÐ Í LONDON.....	38
6.10.2 ÚTIBÚIÐ Í AMSTERDAM.....	38
6.10.3 LABKI FINANCE .....	39
6.11 ÞJÓNUSTUSAMNINGUR.....	39
6.12 STARFSEMI SEM EKKI ER LENGUR Á FORRÆÐI LBI.....	39
6.12.1 KEPLER OG MERRION .....	40
6.12.2 HERITABLE .....	40
6.12.3 LANDSBANKI SECURITIES UK .....	40
6.12.4 LANDSBANKI GUERNSEY.....	40
6.12.5 AÐRAR STARFSSTÖÐVAR.....	41

6.13 LANDSBANKINN Í LÚXEMBORG .....	41
6.14 RÁÐGJAFAR LBI.....	42
6.14.1 MORRISON & FOERSTER LLP .....	42
6.14.2 BARCLAYS .....	42
6.14.3 DELOITTE .....	43
6.14.4 AÐRIR.....	43
7 EIGNAUMSÝSLA.....	46
7.1 LÁNABÓK .....	46
7.2 VERÐBRÉF.....	46
7.3 LAUSAFÉ .....	46
7.4 FASTEIGNIR.....	46
8 FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR.....	47
9 STARFSEMI OG RÁÐSTAFANIR LBI Á NÆSTU MÁNUÐUM. ....	54
FYRIRVARI.....	56

# SKAMMSTAFANIR

LBI	Landsbanki Íslands hf.
NBI	NBI hf. (Nýi Landsbanki Íslands)
FME	Fjármálaeftirlitið
GPL	Lög um gjaldþrotaskipti ofl.
FFL	Lög um fjármálafyrirtæki.
LLUX	Landsbanki Luxemburg
BCL	Seðlabankinn í Lúxemborg
ICC	Óformleg kröfuhafanefnd
KE	Kepler Equities
MC	Merrion Capital
MoFo	Morrison & Foerster

KAFLI 1

INNGANGUR

# 1 INNGANGUR

Skýrsla þessi er lögð fram á kröfuhafafundi Landsbanka Íslands hf. (hér eftir „LBI“) sem haldinn er 23. nóvember 2009. Skýrslan er unnin af skilanefnd og slitastjórn LBI í því skyni að skýra frá málefnum bankans, greiðslustöðvun hans og öðrum atriðum sem telja verður mikilvægt að upplýsa kröfuhafa bankans um. Efni skýrslunnar tekur m.a. mið af þeim reglum sem gilda um upplýsingagjöf skilanefndar og slitastjórnar skv. ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Markmiðið er að veita heildstætt yfirlit um stöðu bankans, rekstur hans, meðferð eigna og aðrar veigamiklar ráðstafanir.


Í skýrslunni eru jafnframt ýmsar gagnlegar upplýsingar fyrir kröfuhafa til skýringar á því lagaumhverfi sem gildir um greiðslustöðvun bankans. Skýrt er frá skipan, starfsemi og verkefnum skilanefndar, skipan og verkefnum aðstoðarmanns, slitastjórn og starfsemi hennar, almennri daglegri starfssemi bankans hér á landi og erlendis og helstu atriðum er varða ráðstafanir og meðferð eigna. Auk þess eru í skýrslunni nauðsynlegar upplýsingar um fjárhagsleg málefni, stöðu eigna og skuldbindinga, ásamt mati á því hvort bankinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

Efni skýrslunnar veitir yfirlit yfir helstu atriði sem máli skipta varðandi málefni bankans en er engan veginn tæmandi.


**Skýrsla þessi og allt efni hennar er trúnaðarmál og eingöngu til afnota fyrir þá sem lýst hafa kröfu á hendur LBI.**

Reykjavík 23. nóvember 2009

Skilanefnd Landsbanka Íslands hf.




Lárentínus Krístjánsson, hæstaréttarlögmaður




Einar Jónsson, héraðsdóm-lögmaður


Slitastjórn Landsbanka Íslands hf.



Halldór H. Backman, hæstaréttarlögmaður



Heiðis Hallmarsdóttir, hæstaréttarlögmaður



Kristinn Bjarnason, hæstaréttarlögmaður

KAFLI 2

SÖGULEGT YFIRLIT



## 2 SÖGULEGT YFIRLIT

LBI er elsti viðskiptabankinn á Íslandi og var hann stofnaður árið 1886. Starfsfé bankans var lítið í fyrstu. Framlag landssjóðs nam tíu þúsund krónum, en auk þess fékk bankinn til ráðstöfunar hálfa milljón króna í seðlum, sem landsstjórnin lét prenta. Voru það fyrstu peningaseðlar, sem gefnir voru út hér á landi. Bankinn gegndi því hlutverki seðlabanka til ársins 1961 þegar sett voru lög um sjálfstæðan seðlabanka.

LBI var ríkisfyrirtæki til ársins 1997 en almennt hlutafélag upp frá því. Farið var varlega af stað með útboð hlutafjár en í árslok 2002 seldi ríkið Samson ehf. 45,8% hlut. Árið 2003 lauk einkavæðingu bankans og nýtt bankaráð var kosið.

LBI sinnti viðskipta- og fyrirtækjabankastarfsemi, fjárfestingabankarekstri, markaðsviðskiptum, eignastýringu og einkabankastarfsemi. Bankinn hafði starfstöðvar í helstu fjármálaborgum Evrópu þar sem lögð var áhersla á meðalstór fyrirtæki, fagjáfresta og einstaklinga. Árið 2000 hóf LBI innreið sína á erlenda markaði með kaupum á 70% hlut í Heritable Bank. Umsvif bankans erlendis jukust næstu árin bæði með kaupum á fjármálafyrirtækjum og stofnun útibúa erlendis.

2000	LBI kaupir 70 % hlut í Heritable Bank.
apríl 2003	LBI kaupir banka í Lúxemborg og breytir nafni hans í Landsbanki Luxemburg.
feb. 2005	LBI kaupir verðbréfafyrirtækið Teather & Greenwood.
mars 2005	LBI opnar útibú í London.
nóv. 2005	LBI kaupir verðbréfafyrirtækið Kepler Equities.
nóv. 2005	LBI kaupir verðbréfafyrirtækið Merrion Capital.
mars 2006	LBI opnar útibú í Amsterdam.
ágúst 2006	LBI kaupir Chesire Guernsey.
mars 2007	LBI opnar útibú í Osló.
júní 2007	LBI opnar útibú í Halifax.
ágúst 2007	LBI opnar útibú í Helsinki.
ágúst 2007	LBI kaupir verðbréfafyrirtækið Bridgewell sem var sameinað Teather & Greenwood undir heitinu Landsbanki Securities UK.

### 2.1 ADDRAGANDI HRUNSINS

Hagstætt ástand alþjóðlegra fjármagnsmarkaða frá lokum ársins 2001 með miklu framboði ódýrs fjármagns hafði gert LBI, ásamt öðrum bönkum heimsins, kleift að fjármagna vöxt sinn á góðum kjörum. Í þessu alþjóðlega umhverfi uxu íslensku viðskiptabankarnir þrír, LBI, Kaupþing og Glitnir, hratt frá árinu 2003 og að lokum voru heildareignir þeirra orðnar margfalt meiri en sem nam vergri landsframléiðslu Íslands.

Í kjölfar hruns á fasteignalánamarkaði fyrir undirmáslán (e. sub-prime mortgages) í Bandaríkjunum hægðist á erlendum lánsfjármörkuðum. Upplýsingagjöf um stöðu fjármálafyrirtækja á alþjóðavísu var ábótavant, þau tortryggðu hvert annað og vörðust að lána hvert öðru. Vorið 2007 fór að bera á lausafjárkreppu á heimsvísu, lánsfé var af skornum skammti og lánskjör versnuðu.

Aðstæður hríðversnuðu í september 2008 þegar fjárfestingabankinn Lehman Brothers varð gjaldþrota og ríkisstjórn Írlands lýsti því yfir að ríkið ábyrgðist allar kröfur á hendur þarlendum bönkum næstu þrjú árin. Mikill taugatitringur greip um sig á fjármálamörkuðum heimsins og vantraust jókst. Stjórnvöld víða um heim gripu til víðtækra björgunaraðgerða til að koma í veg fyrir algjört hrun fjármálakerfis heimsins enda voru flestar fjármálastofnanir í miklum vanda.

Lausafjárkreppan hafði mikil áhrif á fjármálamarkaði á Íslandi. Stærð Íslensku bankana gerði það að verkum að Íslenska ríkið hafði ekki bolmagn til að styðja við þá og Seðlabankinn hafði ekki fjárhagslega burði til að lána bönkunum til þrautavara í erlendri mynt.

Í fyrstu viku október var staða og starfsumhverfi íslenskra fjármálafyrirtækja orðin mjög erfið og útlit fyrir að þeim yrði ókleift að standa við skuldbindingar sínar. Lánalínur og heilðsölumarkaðir fyrir lán lokuðust og kom það í veg fyrir endurfjármögnun skulda.

Löggjöf um fjármálafyrirtæki á Íslandi var ekki í stakk búin til að takast á við það kerfishrun í bankakerfinu sem blasti við í byrjun október. Það leiddi til þess að þann 6. október 2008 voru sett sérstök lög, svokölluð neyðarlög (lög nr. 125/2008). Með lögunum var breytt tilteknum ákvæðum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 (hér eftir „FFL“). Lögin heimiluðu stjórnvöldum yfirtöku á bönkum í greiðsluferfiðleikum og lögleiddar voru margvislegar heimildir til að tryggja áframhaldandi bankastarfsemi á Íslandi, og eftir föngum var reynt að lágmarka tjón kröfuhafa. Í neyðarlögunum fólst m.a. að innstæður, eins og þær eru skilgreindar í lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta nr. 98/1999, nytu réttshæðar skv. 1. og 2. mgr. 112.gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991 (hér eftir „GPL“). Ljóst er að þessi breyting hefur verulega þýðingu fyrir kröfuhafa LBI þar sem bankinn var að verulegu leyti fjármagnaður með innlánunum.

KAFLI 3

SKILANEFND

## 3 SKILANEFND

Þann 7. október 2008 tók FME yfir LBI á grundvelli framangreindrar lagabreytingar. Vald hluthafafundar var yfirtekið, stjórn bankans vikið frá og honum skipuð skilanevnd. Skyldi skilanevnd fara með öll málefni bankans, þar á meðal að hafa umsjón með allri meðferð eigna hans og annast rekstur. Í skilanevnd voru skipaðir:

- Ársæll Hafsteinsson héraðsdómslögmaður.
- Einar Jónsson héraðsdómslögmaður.
- Lárentsínus Kristjánsson hæstaréttarlögmaður.
- Lárus Finnbogason endurskoðandi.
- Sigurjón G. Geirsson endurskoðandi.

Lárus Finnbogason gegndi stöðu formanns þar til hann ákvað að láta af störfum þann 20. júní 2009. Lárentsínus Kristjánsson tók í kjölfarið við formennsku og hefur gegnt þeirri stöðu síðan.

Þann 30. júlí óskaði FME eftir því við Ársæl og Sigurjón að þeir segðu af sér nefndarstörfum og létu af störfum eigi síðar en 15. ágúst. Ástæða þessa var, samkvæmt FME, að þeim verkefnum sem krefðust sérfræðiþekkingar þeirra væri lokið, en þeir eru báðir fyrrum starfsmenn LBI. Þessi ráðstöfun mæltist illa fyrir meðal kröfuhafa í óformlegri kröfuhafanevnd bankans (e. informal creditor committee, hér eftir „ICC“) einkum sökum þess að viðræður um uppgjör vegna eignatilfærslu milli LBI og NBI stóðu yfir og afskipti FME á þeim tímamarki af málinu þóttu afar óheppileg. Til að tryggja samfellu í þeirri vinnu ákvað skilanevnd að ráða Ársæl og Sigurjón til að sinna ráðgjafastörfum fyrir bankann svo þekking þeirra og reynsla nýttist áfram, einkum og sér í lagi vegna viðræðna við NBI. Skilanevnd óskaði jafnframt eftir því við Ársæl að hann hefði umsjón með og verkstýrði daglegum rekstri LBI. Því skipa nú tveir aðilar, Lárentsínus Kristjánsson og Einar Jónsson, skilanevnd.

### 3.1 HELSTU VERKEFNI SKILANEFNDAR

Skilanevnd fór samkvæmt ákvörðun FME frá 7. október 2008<sup>1</sup> með öll málefni LBI þ.á.m. að stýra rekstri bankans, gæta eigna hans og hámarka virði þeirra til hagsbóta fyrir alla kröfuhafa. Vegna aðstæðna á mörkuðum var sú ákvörðun tekin strax að varðveita eins og kostur væri eignir LBI og að þær yrðu einungis seldar í tilfellum þar sem það reyndist nauðsynlegt til að hámarka virði þeirra.

Breyting var gerð á FFL með lögum nr. 129/2008 sem tóku gildi þann 15. nóvember 2008. Í breytingunum fólst meðal annars að bankanum var heimilt að óska eftir greiðslustöðvun. Þann 5. desember 2008 veitti Héraðsdómur Reykjavíkur bankanum heimild til greiðslustöðvunar og við það urðu tilteknar breytingar á lagaumhverfi hans. Nánar er fjallað um greiðslustöðvunina, skipun aðstoðarmanns og lagaumhverfi bankans í kafla 4. Frekari breytingar urðu að þessu leyti við gildistöku laga nr. 44/2009 um breytingu á FFL þann 22. apríl 2009. Nánar er vikið að þeim breytingum í kafla 4.3.

Meðal þess sem síðast greind lagabreyting felur í sér er skipun slitastjórnar og fyrirmæli um verkaskiptingu milli skilanevndar og slitastjórnar skv. 3. tölulið bráðabirgðaákvæðis V. Nánar er fjallað um skipan og hlutverk slitastjórnar í kafla 5. Verkefni skilanevndar eru nú að

- annast umsjón með leyfisskyldri starfsemi bankans undir eftirliti FME í samræmi við 3. mgr. 9. gr FFL
- leggja mat á hvort horfur séu á að eignir bankans dugi til að standa við skuldbindingar hans þegar kröfulýsingarfrestur er á enda

<sup>1</sup> Sjá nánar: <http://www.fme.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=5718>

- ráðstafa hagsmunum bankans í því skyni að sem mest fáist fyrir eignir hans með svipuðum hætti og skiptastjóra í gjaldþrota fyrirtæki bæri skylda til eftir ákvæðum GPL
- halda kröfuhafafundi til umfjöllunar um þau atriði sem falla innan verksviðs skilanefndar í sama skyni og skiptastjóri heldur skiptafundi um slík atriði við gjaldþrotaskipti eftir ákvæðum framangreindra laga

Telji kröfuhafar og aðrir sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta að tilteknar ráðstafanir skilanefndar fari í bága við skyldur hennar samkvæmt lögnum eða ef ágreiningur verður um ráðstafanir skilanefndar að öðru leyti er hægt að skjóta slíkum álitæfnum til héraðsdóms með sama hætti og fram kemur í ákvæðum 166. – 179. gr. GPL. Að þessu leyti er aðgangur kröfuhafa og þeirra sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta sá sami og í þeim tilfellum þar sem ágreiningur kann að rísa um ráðstafanir og/eða ákvarðanir slitastjórnar.

Vikulega eru haldnir samráðsfundir slitastjórnar og skilanefndar. Nefndirnar fara þar yfir þau verkefni sem brýnust eru hjá hvorri nefnd fyrir sig auk þess sem tekin er afstaða til málefna er snerta þær báðar.

### 3.2 HELSTU VERKEFNI SKILANEFNDAR Í DAG

Þegar skilanefnd tók yfir stjórn LBI var lögð megináhersla á að ná tókum á daglegum rekstri til að verja eignir bankans og forða þeim frá tjóni. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður í upphafi náðust þessi meginmarkmið og nokkuð fljótlega komst dagleg starfsemi bankans í fastar og skipulegar skorður. Starfseiningar LBI eru í dag fjórar, höfuðstöðvarnar á Íslandi, útibúin í London og Amsterdam og dótturfélagið Labki finance Ltd. í Kanada (áður útibúið í Halifax).

Stjórnskipulag LBI er nú skýrt og skilvirkt. Skilanefnd annast rekstur eigna bankans ásamt starfsmönnum hans. Hún leggur mikla áherslu á virkt eftirlit með allri starfseminni, m.a. með fundum í undirnefndum sem stofnsettar hafa verið um einstök málefni (nánar er fjallað um stjórnskipulag bankans í kafla 6).

Skilanefnd leggur ríka áherslu á að ávallt liggi fyrir ítarlegar upplýsingar frá starfsmönnum um daglega starfsemi bankans, m.a. um vinnu við eignasafnið og stöðu þess (frekari upplýsingar um nefndir og skýrslur má finna í kafla 3.2.7). Auk þessa starfar nefndin að ýmsum málefnum sem falla utan daglegs skipulags s.s. tilgreint er hér á eftir.

Skilanefndin leggur áherslu á að allt regluverk LBI og verkferlar sé til staðar lögum samkvæmt og uppfært reglulega.

#### 3.2.1 AÐ GÆTA HAGSMUNA KRÖFUHAFA

Af hlutverki skilanefndar og FFL leiðir að helsta markmið hennar er að hámarka verðmæti eigna LBI með lágmarks tilkostnaði svo að sem mest standi eftir til greiðslu krafna. M.a. af þessari ástæðu hefur skilanefndin skipt eignasafni bankans upp í eignaflokka og markað sérstaka stefnu um meðferð hvers eignaflokks sem starfsmönnum bankans er gert að starfa eftir (sjá kafla 7). Lánasófn á Íslandi og í erlendum starfseiningum LBI eru megin eignir bankans. Í ljósi óhagstæðra aðstæðna á alþjóðlegum mörkuðum hefur skilanefnd forðast að selja eignir. Ríkt eftirlit er með eignum bankans og skilanefnd endurmetur allt eignarsafn hans á 6-8 vikna fresti. Er þá hver einstakur eignaliður („line-by-line valuation“) skoðaður og metinn. Áhættueftirlitssvið LBI stýrir þessari vinnu.

Skilanefnd óskaði eftir því við endurskoðunarfyrirtækið Deloitte að það færi yfir og mæti vinnulag við mat á eignasafni LBI. Metin var aðferðafræði, útfærslur, skjalahald, stjórn og eftirlit auk þess sem mat fór fram á gæðum bókhalds. Niðurstaða Deloitte í október 2009 er að vinnulagið sé í meginatriðum í

samræmi við viðurkennt verklag og skráða verkferla og eignasafni bankans sé ágætlega stjórnað og tapshætta bankans eðlilega metin.

Hvað varðar umsjón eigna útibúsins í Hollandi og dótturfélagsins í Lúxemborg ber að geta þess að skilanefnd hefur ekki haft fulla stjórn á endurheimtum þar vegna aðkomu erlendra skiptastjóra sem skipaðir hafa verið að kröfu viðkomandi stjórnvalda í óþökk skilanefndar sbr. nánar síðar. Þá voru Heritable Bank og Landsbanki Securities UK teknir til skiptameðferðar haustið 2008.

### 3.2.2 STJÓRN Á AFDRIFUM ERLENDRA EIGNA

Skilanefnd réðst strax eftir skipun sína í að kortleggja starfsemi LBI og hefur síðan reynt eftir fremsta megni að ná stjórn á starfsemi erlendra útibúa og dótturfélaga með það að leiðarljósi að tryggja hámrörkun verðmæta fyrir kröfuhafa LBI. Hér að neðan verða helstu aðgerðir skilanefndar í þessa veru raktar.

#### 3.2.2.1 ÚTIBÚIÐ Í AMSTERDAM

Þann 13. október 2008 var útibú bankans í Amsterdam sett í sértæka skiptameðferð eftir neyðarreglum hollenskra laga um fjármálafyrirtæki. Skipaðir voru tveir skiptastjórar yfir útibúið. Kapp hefur verið lagt á að eiga sem besta samvinnu við hollensku skiptastjórana. Það hefur þó ekki gengið sem skyldi. Þrátt fyrir það hefur rekstur á lánasafni útibúsins gengið vel að því er virðist. Kostnaður við þessa tilhögun er hins vegar mjög mikill og að mati skilanefndar með öllu óþarfur. Það er mat skilanefndar og slitastjórnar að skiptameðferðin í Hollandi sé í alla staði ólögmet og byggist á röngum upplýsingum um stöðu bankans. Skilanefnd og slitastjórn hafa því leitað leiða til að ná fullri stjórn á málefnum útibúsins og fólu lögmanni bankans í Hollandi að reka dómsmál um það fyrir þarlandum dómstólum. Ekki var fallist á kröfur bankans í undirrétti og er málið nú rekið fyrir áfrýjunardómi. Í millitíðinni hafa skilanefnd og slitastjórn hafið viðræður við yfirvöld í Hollandi um friðsamlega lausn málsins. Farið verður ítarlega yfir málefni útibúsins í Amsterdam í kafla 6.10.2.

#### 3.2.2.2 LANDSBANKI LÚXEMBOURG

Skilanefnd hefur ekki haft stjórn á Landsbankanum í Lúxemborg (LLUX) því þann 9. október 2008 var fallist á kröfu yfirvalda um að bankinn yrði settur í greiðslustöðvun og skipaður umsjónarmaður yfir bankann. Þrátt fyrir mótmæli skilanefndar og mikla vinnu við að leita leiða til að endurreisa bankann var hann settur í gjaldþrotameðferð þann 12. desember að beiðni umsjónarmanns í greiðslustöðvun. Skilanefnd hefur leitað eftir samningum við stjórnvöld í Lúxemborg allt frá fyrsta degi og haldið því áfram eftir að bankinn var settur í þrot. Samningar eru mikilvægir til að hámarka mögulegar endurheimtur LBI. Samningaviðræður standa yfir og eru vonir bundnar við að hagstæð niðurstaða náist. Farið verður ítarlega yfir málefni LLUX í kafla 6.13.

#### 3.2.2.3 ALÞJÓÐLEGAR FJÁRMÁLAEIGNIR (E. GLOBAL EXPOSURES)

Þegar skilanefnd var skipuð yfir bankann átti hann umtalsverðar eignir hjá erlendum fjármálafyrirtækjum, ýmist í innstæðum eða öðrum réttindum og eignum tengdum alþjóðlegum fjármálagerningum. Þegar í stað var ráðist í að sækja allar innstæður og eignir þar sem það var unnt. Víða blöstu við bankanum kröfur gagnaðila um skuldajöfnuð og hefur verið unnið að úrlausn slíkra mála. Eftir skipan slitastjórnar varð þetta sameiginlegt verkefni beggja nefnda með aðstoð sérfræðinga og sérhæfðra starfsmanna bankans.

#### 3.2.2.4 VIÐURKENNING Á GREIÐSLUSTÖÐVUN

Í kjölfar greiðslustöðvunar, fyrir tilstilli aðstoðarmanns og með aðstoð erlendu lögfræðistofunnar Morrison&Foerster LLP, óskaði skilanefnd eftir því að fá greiðslustöðvun viðurkennda til að verja eignir

bankans fyrir innheimtuaðgerðum einstakra kröfuhafa, m.a. í Bandaríkjunum og Kanada. Hið svokallaða viðurkenningaferli verður skýrt og rakið nánar í kafla 4.1.6.

Frekari upplýsingar um afdrif erlendra eigna er að finna í 6. kafla.

### 3.2.3 SAMNINGAVIÐRÆÐUR MILLI LBI OG FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIS

Samningaviðræður við fjármálaráðuneytið og NBI vegna verðmætis eigna sem fluttar voru í kjölfar neyðarlaganna frá LBI til NBI með ákvörðun FME hefur verið stærsta og tímafrekasta verkefni skilanevndar síðustu mánuði. Grundvöllur þessara samningaviðræðna eru þannig ákvarðanir FME um skiptingu eigna milli bankanna.

#### 3.2.3.1 ÁKVARÐANIR FME UM SKIPTINGU EIGNA

Þann 9. október 2008<sup>2</sup> tók FME fyrstu ákvörðun sína um skiptingu eigna með heimild í 100. gr. a. í FFL, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. Ákvörðun FME var breytt nokkrum sinnum eftir það. Samkvæmt ákvörðun FME var þegar í stað öllum eignum, hverju nafni sem þær nefnast, fasteignum, lausafé, reiðufé, eignarhlutum í öðrum félögum og kröfuréttindum, ráðstafað til NBI. sem yfirtók jafnframt samningsbundin afnotaréttindi í fasteignum og lausafé. Jafnframt tók NBI við öllum tryggingaréttindum, þ.m.t. öllum veðréttindum, ábyrgðum og öðrum sambærilegum réttindum sem tengdust kröfum bankans. Samkvæmt framangreindri ákvörðun FME yfirtók NBI einnig allar óefnislegar eignir og réttindi, þ.m.t. vörumerki og einkaleyfi, skráð sem og óskráð, hjáheiti, gagnasöfn, hugbúnað og leyfi vegna hans svo og öll önnur sambærileg réttindi.

Þær eignir sem ekki voru færðar til í NBI voru allar eignir erlendra útibúa LBI að undanskildum hæfum útlánum í Helsinki og hæfum útlánnum tengdum sjávarútvegi í Halifax og Noregi, kröfur á útibú bankans erlendis og dótturfélög, eignarhlutir í erlendum dótturfélögum, fullnustueignir og útlán í verulegri tapsáhættu.

Varðandi skuldir og aðrar skuldbindingar varð niðurstaðan sú að NBI yfirtæki skuldbindingar í útibúum LBI á Íslandi vegna innlána frá fjármálafyrirtækjum, Seðlabanka Íslands og öðrum viðskiptavinum. Samkvæmt ákvörðun FME frá 12. október 2008 yfirtók LBI auk þess réttindi og skyldur vegna afleiðusamninga. Einnig voru innlendar innstæður fluttar yfir í NBI og skuldbindingar samkvæmt inn- og útflutningsábyrgðum, ábyrgðir vegna efnda fyrirtækja og einstaklinga sem tengdust reglubundinni starfsemi. NBI yfirtók ekki ábyrgðir LBI vegna

- skuldbindinga dótturfélaga erlendis
- fyrirtækja í greiðslustöðvun, undir nauðasamningum eða gjaldþrotaskiptum
- skuldbindinga eigenda LBI og tengdra aðila
- skuldbindinga við íslensk fjármálafyrirtæki

Auk þess voru eftirtaldar skuldir LBI ekki yfirfærðar til NBI:

- Öll verðbréfaútgáfa og önnur lántaka.
- Öll víkjandi lán.
- Skattaskuldbindingar.
- Skuldbindingar vegna kaupauka starfsmanna.
- Öll innlán í erlendum útibúum LBI.

<sup>2</sup> Sjá nánar: <http://www.fme.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=5677>

Til að meta sannvirði eigna og skulda sem ráðstafað var til NBI fékk FME matsfyrirtækin Oliver Wyman og Deloitte. Ákveðið var að uppgjör milli bankanna miðaðist við 9. október 2008 og á það einnig við um virði eigna og skulda. Tók þessi ákvörðun þegar gildi og byggðist hún á fyrirliggjandi upplýsingum og gögnum. Af því leiddi að ef gögn væru ófullnægjandi eða rangar upplýsingar kæmu í ljós myndi FME breyta ákvörðuninni. Á grundvelli þessa fyrirvara, sem talinn var nauðsynlegur í ljósi þess hve ákvörðunina bar brátt að, hafa til þessa dags ákvarðanir FME tekið breytingum í ellefu skipti.

1. Fyrsta breytingin varð 12. október 2008<sup>3</sup> þegar ljóst varð að NBI var ekki kleift að taka við réttindum og skyldum samkvæmt þeim afleiðusamningum sem gert var ráð fyrir í fyrri ákvörðun. Talið var að ef ákvörðuninni frá 9. október 2008 yrði ekki breytt, myndi það leiða til þess að NBI tækist ekki að efna samningsskuldbindingar sínar með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.
2. Þann 19. október 2008<sup>4</sup> var ákvörðuninni breytt í annað sinn með því að bæta við nokkrum nýjum liðum við fyrri ákvörðun og settur var fram nýr viðauki með þeim eignum sem yrðu ekki framseldar til NBI.
3. Þann 9. janúar 2009<sup>5</sup> var ákvörðuninni breytt í þriðja sinn. Á þessum tímapunkti lá fyrir að ekki næðist að ljúka matinu á þeim tíma sem gefin var skv. fyrri ákvörðun. Á þeim grundvelli var ákveðið að fresta mati á eignum og skuldbindingum og FME látið eftir að ákveða hvenær matið skyldi liggja fyrir.
4. Þann 14. febrúar 2009<sup>6</sup> var fyrri ákvörðun breytt og ákveðið að mat á eignum og skuldbindingum skyldi liggja fyrir eigi síðar en 15. apríl 2009.
5. Þann 6. mars 2009<sup>7</sup> var ákveðið að gera fimmtu breytinguna sem fólst í því að skilmálar skuldabréfsins sem átti að vera gefið út frá NBI til LBI skyldu liggja fyrir eigi síðar en 18. maí 2009.
6. Þann 15. maí 2009<sup>8</sup> var ákveðið að FME bæri að ákveða hvenær skilmálar bréfsins ættu að liggja fyrir.
7. Þann 15. júní 2009<sup>9</sup> var ákvörðun breytt í sjöunda sinn þannig að skilmálar skuldabréfsins skyldu liggja fyrir eigi síðar en 17. júlí 2009.
8. Þann 20. júlí 2009<sup>10</sup> var ákvörðuninni enn breytt. Skuldabréfið um uppgjör vegna ráðstafanna eigna og skulda LBI til NBI skyldi gefið út af hálfu aðila eigi síðar en 14. ágúst 2009.
9. Þann 14. ágúst 2009<sup>11</sup> var ákvörðun frestað fram til 18. september 2009.
10. Tíunda breytingin var gerð þann 21. september 2009<sup>12</sup> og ákveðið að fjármögnun NBI og útgáfu fjármálagernings um lokauppgjör vegna ráðstöfunar eigna og skulda LBI til NBI skuli lokið eigi síðar en þann 9. október 2009.
11. Síðasta frestunin varð 14. október 2009<sup>13</sup> við ákvörðun FME um framlengingu frests til 6. nóvember.
12. Samningsviðræður eru enn í gangi. Fjármálaeftirlitið hefur ekki breytt formlegri ákvörðun sinni en hefur verið upplýst um stöðu mála og óskað eftir því að samningsaðilar setji niður raunhæfa tímaáætlun um endanlegt uppgjör milli aðila.

Af framangreindu verður augljóslega ráðið að samningaviðræðurnar hafa verið mun tímafrekari en áætlað var og fyrir því eru ýmsar ástæður. Í upphafi ríkti óvissa um efni og fyrirkomulag

<sup>3</sup> Sjá nánar: <http://www.fme.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=5714>

<sup>4</sup> Sjá nánar: <http://www.fme.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6020>

<sup>5</sup> Sjá nánar: <http://www.fme.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=5913>

<sup>6</sup> Sjá nánar: <http://www.fme.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6051>

<sup>7</sup> Sjá nánar: <http://www.fme.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6067>

<sup>8</sup> Sjá nánar: <http://www.fme.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6342>

<sup>9</sup> Sjá nánar: <http://www.fme.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6425>

<sup>10</sup> Sjá nánar: <http://www.fme.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6456>

<sup>11</sup> Sjá nánar: <http://www.fme.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6531>

<sup>12</sup> Sjá nánar: <http://www.fme.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6649>

<sup>13</sup> Sjá nánar: <http://www.fme.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6701>



samningsviðræðna. Samkvæmt ákvörðun FME frá 9. október 2008 og tilkynningu sem henni fylgdi taldi skilanefnd upphaflega að semja ætti á grundvelli þess verðmats sem Deloitte hafði útbúið fyrir FME. Í kjölfar viðræðna við FME og breytinga sem eftirlitið gerði síðar á 11. tl. framangreindrar ákvörðunar, varð á vormánuðum ljóst að skilanefndinni væri ætlað að semja um verð umræddra yfirfærðra eigna óháð mati Deloitte. Þess vegna taldi skilanefnd eðlilegt og nauðsynlegt að ganga til kostgæfnisathugunar (e. due diligence) á umræddum yfirfærðum eignum og NBI. Skilanefnd sóttist frá fyrstu stundu eftir þátttöku allra kröfuhafahópa bankans í samningaviðræðunum, þ.e. forsvarsmanna innlánseigenda í Bretlandi og Hollandi, forsvarsmanna skuldabréfaeigenda og forsvarsmanna erlendra banka. Leitast var við að þessir aðilar hefðu aðgang að öllum nauðsynlegum gögnum til að auka líkur á beinum stuðningi þeirra í viðræðunum og við samningana sjálfa. Það tafði samningaferlið að dráttur varð á að þessi afstaða skilanefndar væri samþykkt en svo fór að lokum að FME féllst á kröfur skilanefndarinnar síðla sumars. Þeir aðilar sem komið hafa að samningunum áttu allir sæti í þeirri óháðu kröfuhafanefnd („ICC“) sem greint er frá í kafla 3.2.5.

Skilanefnd réð Barclays sem fjármálaráðgjafa til að stýra samningunum. Þá réði skilanefndin einnig alþjóðlegu lögfræðistofuna Morrison & Foerster („MoFo“) sem lögfræðilega ráðgjafa. Framangreindir kröfuhafar tóku einnig þátt í kostgæfnisathugun og samningaviðræðum. Skilanefnd hafði þannig ekki einungis sérfræðinga frá Deloitte, BarCap og MoFo á sínum snærum, heldur einnig mjög færa einstaklinga úr hópi ráðgjafa kröfuhafa á sviði kostgæfnisathugana og samningavinnu.

Þann 10. október 2009 var skrifað undir rammisamning (e. head of terms „HoT“) milli LBI og NBI. Samkvæmt honum skal NBI gefa út skuldabréf til LBI að upphæð 260 ma.kr og að auki eignast LBI 28 ma. kr. hluti að nafnvirði í NBI sem samsvarar, miðað við forsendur aðila við undirritun HoT, um 18% eignarhlut í NBI. Vegna mismunar á væntingum NBI og LBI um framtíðarvirði þeirra eigna er fluttur voru til NBI var samið um að LBI fái 85% af þeirri mögulegu hækkun er verður á tilteknu eignasafni NBI næstu þrjú árin (þ.e. hækkun virðis umræddra eigna frá 8.10.2008 til 31.12.2012). Ef til kemur verður þessi viðbótargreiðsla NBI til LBI í formi samskonar skuldabréfs og hér að framan greinir. Eftir ákveðinni aðferðafræði mun framangreindu hlutafé,verða skipt út fyrir þetta viðbótarskuldabréf þannig að eftir því sem verðmætisaukning á hinu skilgreinda eignasafni verður meiri þá lækkar eignarhlutur LBI hlutfallslega. Viðbótarskuldabréfið getur vegna verðmætisaukningar hæst orðið 90 ma.kr. en náist það takmark hefur eignarhlutur LBI í NBI þurrkast að fullu út. LBI mun geta haft töluverð áhrif á umsýslu umræddra eigna á þessu tímabili. Samningsupphæðin rúmast innan ramma þess verðmats er matsaðilar á vegum FME gerðu. Þess má geta að áætlaðar endurheimtur LBI hækkuðu við gerð samninganna. Í útreikningum LBI fyrir undirritun HoT var gert ráð fyrir um 284 milljörðum króna í heildargreiðslu fyrir þessar eignir. M.v. 30.júní sl. var fjárhæð samningsgreiðslna alls 346 ma. kr., skuldabréfið 318 ma.kr. (er útgefið í erlendum myntum mv. gengi þann 30. september 2008) og hlutaféð 28 ma.kr.

### 3.2.4 INNRI ENDURSKOÐUN

Að beiðni FME var framkvæmd innri endurskoðun skömmu eftir skipun skilanefndar. Til verksins voru fengnir starfsmenn Deloitte. Verkefni þeirra var að athuga hvort bankinn eða tengdir aðilar hefðu á síðustu 30 dögum fyrir skipan skilanefndar gripið til aðgerða sem væru í andstöðu við regluverk bankans eða íslensk lög. Skýrslan í heild sinni var afhent FME til yfirferðar í desember.

Eftir skipun slitastjórnar var ákveðið að hleypa af stað fyrirhugaðri rannsókn á ráðstöfunum fyrir fall bankans og nær sú rannsókn yfir mun lengra tímabil en frumrannsókn Deloitte. Frekar verður fjallað um þessa rannsókn í kafla 5.2.7. Skilanefnd hefur jafnframt átt samskipti við sérstakan saksóknara, FME og rannsóknarnefnd Alþingis vegna rannsókna á starfsemi bankans auk þess sem regluvörður annast upplýsingagjöf til þessara aðila.

### 3.2.5 SAMSKIPTI VIÐ KRÖFUHAFI

Vikurnar eftir að íslenska bankakerfið hrundi komu eðlilega strax fram mjög ákveðnar óskir frá kröfuhöfum bankans um að veittar yrðu nákvæmar upplýsingar um stöðu bankans og stöðu þeirra sem kröfuhafa. Jafnframt fóru þeir fram á vettvang til að geta haft áhrif á framhald mála. Vegna ríkjandi ástands og þeirra gríðarlegu hagsmuna sem voru í húfi var brýn þörf á vel skipulögðum samskiptum við kröfuhafa. Hagsmunaaðilar þurftu aðgang að góðum upplýsingum til að geta treyst því að hagsmuna þeirra væri gætt.

Hvorki í neyðarlögunum né ákvörðunum FME var formlega tekið fram hvernig ætti að taka á þessum málum. Hvergi var minnst á nauðsyn þess að kröfuhafar fengu ráðgjöf og upplýsingar. Þó var deginum ljósara að skapa þyrfti einhvers konar samskiptagrunnvöll milli skilanevndar og kröfuhafa án formlegrar tilskipunar eða leiðbeininga um æskilegt form. Niðurstaðan varð að mynda svokallaða óformlega kröfuhafanevnd (e. Informal Creditors' Committee, ICC).

Strax í október 2008 leitaði skilanevnd ráðgjafar frá Deloitte í Bretlandi til að koma á samskiptum við kröfuhafa og tók um fjórar vikur að koma ICC á laggimar. Deloitte og skilanevnd buðu ákveðnum kröfuhöfum sæti í nefndinni svo fulltrúar allra kröfuhafahópa gætu átt aðild að henni.

Í dag annast skilanevnd sjálf öll samskipti við ICC. Haldnir hafa verið sex formlegir fundir. Þar hefur verið farið yfir rekstur LBI, eignastöðu og þróun eignasafns, rekstrarkostnað, sjóðsstöðu og ýmis önnur tilfallandi mál. Skilanevnd hefur jafnframt fundað með kröfuhöfum á óformlegum símafundum á eins til tveggja vikna fresti. Á þeim fundum hafa kröfuhafar m.a. látið í ljós skoðanir sínir á meðferð skilanevndar á eignum bankans og reynir nefndin að taka eins mikið tillit til athugasemda og hún telur unnt. Endanlegt ákvörðunarvald og ábyrgð liggur þó alltaf hjá skilanevnd eða slitastjórn eftir atvikum.

Þá hefur einn formlegur kröfuhafafundur verið haldinn vegna greiðslustöðvunar bankans. Í kafla 4.1.2 verður fjallað nánar um efni þess fundar. Næsti formlegi kröfuhafafundur LBI verður haldinn þann 23. nóvember næstkomandi. Frekari upplýsingar um eðli og völd kröfuhafafunda er að finna í kafla 5.3.

### 3.2.6 INNHEIMTAR KRÖFUR OG INNLAUSN VEÐANDLAGA

Það skiptir miklu fyrir stöðu kröfuhafa, eðli máls samkvæmt, að í lengstu lög verði tryggt að greiðslur af útlánum berist LBI. Í því skyni er skilanevnd og starfsmenn nefndarinnar stöðugt í sambandi við skuldunauta bankans að leita leiða til að hámarka heimtur m.t.t. stöðu viðsejanda, trygginga bankans, lagalegrar stöðu hverju sinni og ótal fleiri atriða. Telji skilanevnd hins vegar ekki til hagsbóta fyrir kröfuhafa að ganga til samninga við skuldunauta eða ef vilji stendur ekki til slíks hjá viðsejanda eru viðkomandi lán send í lögfræðiiinnheimtu og leysir þá bankinn eftir atvikum til sín undirliggjandi veð. Á Íslandi sér lögfræðiiinnheimtudeild bankans að langmestu leyti um að innheimta vanskilakröfur en skilanevnd nýtir sér jafnframt aðstoð innlendra og erlendra lögfræðistofa til að ganga að skuldunautum þyki ástæða til. Erlendar starfseiningar bankans nýta eftir þörfum sérfræðinga í viðkomandi löndum til að annast fullnustu krafna. Þau veðandlög sem bankinn tekur til sín fara til meðferðar hjá fullnustueignasviði eða, eftir atvikum og eðli eigna, öðrum sviðum. En um meðferð slíkra eigna hefur verið mörkuð sérstök stefna sem ber að fylgja (sjá nánari umfjöllun í kafla 7).

### 3.2.7 SKIPULAG DAGLEGRA VERKEFNA SKILANEFNDAR

Skipulagt fundarhald hjá skilanevnd eða hjá undirnefndum sem skilanevndarmenn sitja í er alla virka daga. Utan fastra fundartíma fastanevnda og starfshópa eru haldnir fundir eftir þörfum. Þá eru einnig haldnir reglulegir samskipta- og eftirlitsfundir í starfsstöðum erlendis, fundir sem miða að því að tryggja margvíslega hagsmuni kröfuhafa og samningafundir við fjármálaráðuneytið vegna NBI og ICC. Fundir skilanevndar skiptast í reglubundna fundi og almenna fundi. Á almennum fundum eru brýnustu mál hverju sinni tekin fyrir. Undir almenna fundi falla einnig fundir með stjórnvöldum og eftirlitsaðilum.

Skilanefnd á sæti í fimm nefndum um ýmis málefni LBI auk þess sem starfsmönnum er gert að skila margvíslegum skýrslum og greiningum til skilanefndar. Upplýsingar um nefndir LBI, greiningar og skýrslur er að finna hér að neðan.

#### **Nefndir:**

- **Lánanefnd:** Lánanefnd fer með útlánaávald allra útlána LBI á samstæðugrunni. Fastir fundir lánanefndar eru tvisvar í viku og oftast þörf krefur. Lánanefnd skipa skilanefndarmenn og Ársæll Hafsteinsson. Þegar skuldajöfnun er til umfjöllunar er slitastjórn jafnframt kölluð til og tekur hún þá þátt í ákvörðunum. Þá situr aðstoðarmaður í greiðslustöðvun lánanefndafundi og þá einnig sem fulltrúi slitastjórnar með málfrelsi og tillögurétt. Í útibúinu í London er starfandi sérstök lánanefnd með takmarkaðar heimildir til minniháttar ákvarðana um sjóðsstreymislán („Leverage lending“) sem þegar hafa verið veitt.
- **Markaðsáættunefnd:** Markaðsáættunefnd er undirnefnd og hluti af lánanefnd og skipuð sömu nefndarmönnum. Hún tekur ákvarðanir er varða skulda- og hlutabréfeignir LBI. Um starfsemi nefndarinnar gilda sömu meginreglur og lánanefnd. Áhættueftirlitssvið undirbýr fundi nefndarinnar og annast alla skýrslugerð um viðkomandi eignir og undirliggjandi áhættuþætti.
- **Rekstrarnefnd:** Heldur fundi aðra hverja viku. Tekið er á rekstarmálum sem brýnust eru á verkswiði skilanefndar hverju sinni. Rekstrarnefnd fer jafnframt vikulega yfir reikninga sem skilanefnd þarf að samþykkja. Rekstrarnefnd skipa skilanefndarmenn og Ársæll Hafsteinsson. Fundir rekstrarnefndar eru undirbúnir af ritara nefndarinnar og forstöðumanni fjárhagssviðs.
- **Endurskoðunarnefnd:** Endurskoðunarnefnd hefur verið komið á laggirnar innan bankans (e. Audit Committee) og hefur hún eftirlit með allri starfsemi bankans. Í endurskoðunarnefnd sitja meðlimir skilanefndar og slitastjórnar. Jafnframt eru undir endurskoðunarnefnd starfandi fimm fastir vinnuhópar starfsmanna og ráðgjafa bankans. Vinnuhóparnir annast framkvæmd, eftirlit og eftirfylgni með afmörkuðum málaflokkum innan bankans og veita jafnframt þeim starfsmönnum sem vinna í viðkomandi málaflokkum stuðning og leiðbeiningu. Nánar tiltekið eru vinnuhóparnir þessir:
  - Lán, innlendar afleiður og skuldajafnanir.
  - Skuldabréf og hlutabréf í eigu bankans.
  - Alþjóðlegir fjármálagerningar og skuldajafnanir.
  - Riftun ráðstafana eftir reglum GPL.
  - Kröfur á hendur þriðja aðila.
- **Afskriftanefnd:** Heldur fundi um endanlegar afskriftir og afskriftarframlög ársfjórðungslega. Áður en afskriftarnefnd tekur ákvarðanir sínar skal endurskoðunarnefnd LBI hafa tekið viðkomandi mál fyrir. Áhættueftirlitssvið ber ábyrgð á undirbúningi funda og framkvæmd ákvarðana. Ákvarðanir skulu bókaðar af ritara afskriftarnefndar í fundargerðir nefndarinnar. Afskriftanefnd skipa skilanefnd, Ársæll Hafsteinsson og slitastjórn ef þörf krefur.

#### **Greiningar og helstu skýrslur:**

- **Eignasafn bankans** (e. Portfolio monitoring meetings): Farið er yfir allt eignasafn bankans á 6-8 vikna fresti. Áhættueftirlitssvið bankans ber ábyrgð á því. Allir eignaflokkar bankans eru gaumgæfðir, hvers eðlis sem þeir eru, með þeim starfsmönnum bankans sem við á og þeim sérfræðingum sem fengnir eru til ráðgjafar hverju sinni. Hver einstök eign er skoðuð

sérstaklega og endurheimtuhorfur (e. recovery-rate) hennar virtar. Forstöðumaður áhættueftirlitssviðs bankans ber ábyrgð á því og gefur skilanevnd reglulega skýrslu. Auk þess felur skilanevnd áhættueftirlitssviði, og ræður eftir atvikum utanaðkomandi sérfræðinga, til að vinna skýrslur um einstök málefni tengd eignasafni bankans.

- **Kostnaðar- og rekstrargreining:** Mánaðarlega gerir rekstrar- og fjárhagssvið, ítarlega kostnaðar- og rekstrargreiningu fyrir LBI-samstæðuna. Forstöðumaður fjárhagssviðs („CFO“) ber ábyrgð á reglulegri skýrslugerð til skilanevndar um málefni bankans á samstæðugrunni.
- **Skýrslugerð yfirmanna starfseininga um helstu þætti daglegrar starfsemi:** Ritari skilanevndar kallar mánaðarlega eftir upplýsingum frá yfirmönnum deilda í höfuðstöðvum og erlendum starfseiningum varðandi helstu verkefni viðkomandi sviðs/deildar/útibús/dótturfélags. Þessum upplýsingum er safnað saman í mánaðarlega starfsemisskýrslu sem er afhent og kynnt skilanevnd á rekstrarnevndarfundum. Í skýrslunni er jafnframt gert grein fyrir helstu verkefnum sem skilanevnd hefur sinnt þann mánuðinn
- **Skýrslur til opinberra aðila:** LBI skilar lögum samkvæmt reglubundið skýrslum til eftirlitsaðila og opinberra stofnana m.a. FME og Seðlabankans.

KAFLI 4

GREIÐSLUSTÖÐVUN OG  
AÐSTOÐARMÆÐUR

## 4 GREIÐSLUSTÖÐVUN OG AÐSTOÐARMAÐUR

Þann 15. nóvember 2008 tóku gildi lög nr. 129/2008 um breytingu á FFL. Megintilgangur lagabreytingarinnar var að gera þeim fjármálafyrirtækjum, þar á meðal þeim bönkum sem þá hafði verið skipuð skilanevnd, kleift að fá greiðslustöðvun og öðlast þannig nauðsynlega réttarvernd. Sú greiðslustöðvun sem löggin kváðu á um bar með sér nokkur frávik frá almennum reglum um greiðslustöðvun skv. ákvæðum GPL.

Við setningu laganna var haft til hliðsjónar álit erlendra sérfræðinga og stórra kröfuhafa að greiðslustöðvun væri nauðsynleg til að hámarka verðmæti eigna bankanna og að það væri nauðsynlegt og til hagsbóta öllum kröfuhöfum að afla verndar gegn málsóknum, innheimtuaðgerðum og annars konar eignarýrnun. Fyrir lagabreytingu var greiðslustöðvun veitt í 3 vikur, með möguleika á framlengingu í allt að 5 mánuði til viðbótar. Eftir breytingu getur fjármálafyrirtæki fengið greiðslustöðvun í 12 vikur, með möguleika á framlengingu í allt að 21 mánuði til viðbótar, þó þannig að hver framlenging getur ekki verið til lengri tíma en 9 mánaða í senn.

Til þess að aðili sem á í verulegum fjárhagsörðugleikum og vill freista þess að koma á nýrri skipan fjármála sinna geti fengið heimild til greiðslustöðvunar þarf hann að hafa ráðið sér aðstoðarlögmann eða endurskoðanda sem uppfyllir þau hæfisskilyrði er tilgreind eru í 3. mgr. 10. gr. GPL.

Skilanevnd fór þess á leit við Kristinn Bjarnason hæstaréttarlögmann að hann tæki að sér starf aðstoðarmanns bankans og féllst hann á þá málaleitan. Svo sem áskilið er fylgdi með beiðni LBI um greiðslustöðvun yfirlýsing lögmannsins um að hann væri tilbúinn til að taka að sér að vera aðstoðarmaður bankans við greiðslustöðvun og teldi sig uppfylla hæfisskilyrði. Jafnframt fylgdi áskilið samþykki FME.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum þann 5. desember 2008 féllst dómurinn á beiðni LBI um greiðslustöðvun og var hún veitt til 26. febrúar 2009. Með úrskurðinum var jafnframt staðfest af dómnum að tilnefndur aðstoðarmaður uppfyllti lagaskilyrði til þess að gegna starfanum.

### 4.1 LBI Í GREIÐSLUSTÖÐVUN

Greiðslustöðvun LBI miðar að því að varðveita fjárhagslega stöðu bankans og veita svigrúm til nauðsynlegrar endurskipulagningar. Greiðslustöðvun hefur bein áhrif á réttarstöðu lánardrottna, m.a. með þeim hætti að bankanum er almennt óheimilt að greiða skuldbindingar sínar samkvæmt efni þeirra og lánardrottinn geta ekki komið fram fullnustuaðgerðum vegna vanefnda. Uppfyllt eru skilyrði Evróputilskipunar um slit fjármálafyrirtækja (e. Winding up directive, 2001/24/EC)<sup>14</sup> og hefur greiðslustöðvunin því áhrif á réttarstöðu LBI á öllu evrópska efnahagssvæðinu.

#### 4.1.1 RÁÐSTÖFUN EIGNA OG RÉTTINDA Í GREIÐSLUSTÖÐVUN

Frá upphafi greiðslustöðvunar LBI og fram að gildistöku laga nr. 44/2009 þann 22. apríl 2009 gildi IV. kafli GPL um hlutverk aðstoðarmanns LBI. Megininntak ákvæða þessa kafla er að bankanum var ekki heimilt á umræddu tímabili að ráðstafa eignum eða réttindum eða stofna til skuldbindinga á hendur sér nema með samþykki aðstoðarmanns. Til þess að slíkt leyfi gæti fengist varð ráðstöfunin að vera nauðsynlegur þáttur í daglegum rekstri bankans eða tilraunum til að koma á nýrri skipan á fjármál sín enda komi eðlilegt verð fyrir. Heimild til að ráðstafa peningaeign bankans var bundin við að

- standa straum af nauðsynlegum útgjöldum til að halda áfram rekstri
- greiða skuldir að því leyti sem það er heimilt
- greiða óumflýjanlegan kostnað af tilraunum til að koma nýrri skipan á fjármál

<sup>14</sup> Sjá nánar <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2001:125:0015:0023:EN:PDF>

- kosta aðgerðir sem má telja víst að séu nauðsynlegar til að koma í veg fyrir verulegt tjón

Á greiðslustöðvunartímanum var bankanum almennt óheimilt að greiða skuldir eða efna aðrar skuldbindingar nema að því leyti sem skuldbindingin yrði efnd eða skuldin greidd eftir stöðu í skuldaröð ef til gjaldþrotaskipta kæmi í kjölfar greiðslustöðvunar. Heimilt var þó að greiða skuld eða efna aðra skuldbindingu ef telja mátti víst að það væri nauðsynlegt til varnar verulegu tjóni.

Bankanum var einnig óheimilt að stofna til skulda, taka á sig aðrar skuldbindingar eða leggja höft á eignir sínar eða réttindi, nema til að halda áfram atvinnurekstri eða varna verulegu tjóni og ljóst er að sú aðgerð verði lánadrottnum til hagsbóta ef til gjaldþrotaskipta kæmi í kjölfar greiðslustöðvunar.

#### 4.1.2 GREIÐSLUSTÖÐVUN: 5. DESEMBER 2008 - 26. FEBRÚAR 2009

Eins og að framan greinir var LBI veitt heimild til greiðslustöðvunar þann 5. desember 2008. Heimildin var fyrst veitt til 12 vikna eða til 26. febrúar 2009 á grundvelli framangreindrar lagabreytingar.

Samkvæmt ákvæðum GPL ber aðstoðarmanni að halda fund fyrir lánadrottna á varnarþingi bankans eigi síðar en þremur sólarhringum áður en greiðslustöðvun verður að nýju tekin fyrir í héraðsdómi. Slíkur fundur var haldinn þann 20. febrúar 2009 kl. 9.00 á Hótel Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík. Um boðun fundarins giltu sérreglur 2. mgr. 98. gr. FFL eins og þeim var breytt með 2. gr. laga nr. 129/2008.

Rétt til setu á fundinum höfðu allir þeir sem gáfu sig fram á fundarstað og kváðust eiga kröfu á LBI sem bankinn kannaðist við eða sem sýnt var fram á með gögnum. Til að auðvelda framkvæmd fundarins hafði í auglýstu fundarboði verið óskað eftir að þeir sem hygðust mæta skráðu sig á vef bankans. Um 400 aðilar skráðu sig en á fundinn mættu um 150.

Á fundinum fór aðstoðarmaður yfir atburðarásina eftir að FME tók yfir stjórn LBI og skipaði honum skilanefnd og hverjar ráðstafanir höfðu verið gerðar á greiðslustöðvunartímabilinu. Gerð var grein fyrir eignum og skuldbindingum bankans eins og þær stóðu á frestdegi. Kynnt var að bankinn hygðist sækja um áframhaldandi greiðslustöðvun í allt að 9 mánuði við fyrirtöku í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 26. febrúar 2009. Farið var yfir hvers væri að vænta í starfsemi bankans á því tímabili sem framlenging greiðslustöðvunar næði til. Á fundinum leitaði aðstoðarmaður eftir afstöðu fundarmanna til ráðagerða bankans og tillagna þeirra um aðgerðir. Nokkrar umræður urðu og fundarmenn kynntu sjónarmið sín og óskuðu jafnframt frekari upplýsinga um tiltekin mál. Af hálfu aðstoðarmanns, skilanefndar og sérfræðinga á vegum þessara aðila var leitast við að skýra það sem þótti óljóst og þeim spurningum svarað sem lagðar voru fram. Nánari upplýsingar um fundinn er að finna á vef LBI ([www.lbi.is](http://www.lbi.is)).

#### 4.1.3 GREIÐSLUSTÖÐVUN: 26. FEBRÚAR 2009 – 26. NÓVEMBER 2009

Í kjölfar framangreinds fundar var greiðslustöðvun LBI tekin fyrir á ný í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 26. febrúar og var við það tækifæri lögð fram ósk um heimild til áframhaldandi greiðslustöðvunar af hálfu bankans til allt að 9 mánaða á grundvelli áðurnefndra laga. Ekki komu fram mótmæli frá kröfuhöfum bankans við framlengingu greiðslustöðvunar LBI við fyrirtöku beiðninnar. Með úrskurði dómsins þann 3. mars 2009 var fallist á þessa umleitan bankans og heimild til greiðslustöðvunar framlengd í 9 mánuði eða til 26. nóvember 2009.

#### 4.1.4 GREIÐSLUSTÖÐVUN: FRAMHALDIÐ

Héraðsdómur Reykjavíkur mun fjalla um greiðslustöðvun LBI á ný þann 26. nóvember næstkomandi. Verði talin þörf á því mun óskað eftir framlengingu á heimild til greiðslustöðvunar í allt að 9 mánuði til viðbótar. Ákvörðun um það mun kynnt á fundi með kröfuhöfum bankans sem haldinn verður þann 23.

nóvember 2009. Hér að neðan má sjá áætlaða tímalínu greiðslustöðvunar miðað við þær heimildir sem kveðið er á um í framangreindum lögum:

5. desember 2008	Heimild til greiðslustöðvunar veitt í Héraðsdómi Reykjavíkur.
6. febrúar 2009	Kröfuhafafundur haldinn í Reykjavík.
26. febrúar 2009	Heimild til greiðslustöðvunar veitt til 9 mánaða.
23. nóvember 2009	Kröfuhafafundur haldinn í Reykjavík.
26. nóvember 2009	Greiðslustöðvun tekin fyrir að nýju í Héraðsdómi Reykjavíkur.
4. desember 2010	Lögboðinn hámarkstími greiðslustöðvunar.

#### 4.1.5 ÁHRIF GREIÐSLUSTÖÐVUNAR

Greiðslustöðvun LBI hafði ekki áhrif á starfsleyfi hans og breytir því heldur ekki að bankinn er áfram undir lögbundnu eftirliti FME. Um starfsemi bankans gilda því áfram sömu reglur og um starfsemi annarra fjármálafyrirtækja samkvæmt FFL eftir því sem við á. Á hinn bóginn leiða reglur greiðslustöðvunar til þess að tilteknir þættir í starfsemi bankans falla undir lögsögu og valdsvið Héraðsdóms Reykjavíkur, sem m.a. hefur heimild til að afturkalla heimildina ef lögum sem um greiðslustöðvunina gilda er ekki fylgt.

#### 4.1.6 VIÐURKENNING GREIÐSLUSTÖÐVUNAR LBI UTAN ÍSLANDS

Í því skyni að tryggja hagsmuni kröfuhafa LBI og vernda eignir fyrir innheimtuaðgerðum einstakra kröfuhafa var ráðist í að afla greiðslustöðvun bankans viðurkenningar í þeim ríkjum þar sem bankinn á hagsmuni. Meðal annars var tryggt réttarvernd innan EES svæðisins í samræmi við reglur þar að lútandi. Í lögsagnarumdæmum utan EES, þar sem bankinn á verulegar eignir, var gripið til viðeigandi ráðstafana til að greiðslustöðvunin fengist viðurkennd. Dæmi um það er viðurkenning Alríkisdómstóls í Bandaríkjunum skv. 15. kafla þarlendrar gjaldprotalaga (Chapter 15 (recognition of a foreign main proceeding)) og réttarvernd í þeim fylkjum Kanada þar sem bankinn á hagsmuni.

Viðurkenning greiðslustöðvunar LBI er nauðsynleg réttarvernd til að tryggja jafnræði kröfuhafa bankans og í því skyni að eignir hans séu meðhöndlaðar með samsvarandi hætti hvar sem þær er að finna.

#### 4.2 HELSTU VERKEFNI AÐSTOÐARMANNS FYRIR GILDISTÖKU LAGA NR. 44/2009

Á fyrstu vikum greiðslustöðvunar var því verklagi komið á að daglegri starfsemi og ráðstöfunum bankans var skipt á tvær nefndir, lánanefnd og rekstrarnefnd (sjá frekar um nefndir LBI í kafla 3.2.7). Skilanevndarmenn voru allir í báðum þessum nefndum og aðstoðarmaður sat fundi þeirra og tók þátt í afgreiðslu mála.

Auk tilgreindra nefndarfunda var aðstoðarmaður og þeir lögmennt sem hann hafði fengið sér til aðstoðar í daglegum samskiptum við skilanevnd bankans. Þá átti aðstoðamaður regluleg samskipti við starfsmenn bankans, þar á meðal í útibúi hans í London og dótturfélagi í Halifax. Vegna skiptameðferðar á útibúi bankans í Amsterdam, þar sem skipaðir voru hollenskir skiptastjórar til að fara með málefni þess, hafa afskipti aðstoðarmanns af því verið takmörkuð (sjá frekari upplýsingar í kafla 6.10.2).

#### 4.3 LÖG NR. 44/2009 OG BREYTINGAR Á LÖGUM NR. 161/2002 (FFL)

Með gildistöku laga nr. 44/2009 um breytingu FFL þann 22. apríl 2009 urðu nokkrar breytingar á því lagaumhverfi sem gildir um greiðslustöðvun bankans. Jafnframt urðu ýmsar aðrar breytingar sem tengjast starfsemi bankans, s.s. breyting á verkefnum skilanevndar með tilkomu slitastjórnar. Um slitastjórn, skipan hennar og verkefni verður fjallað í kafla 5.



Með áðurnefndum lögum nr. 44/2009 var í raun haldið áfram að aðlaga íslenskt lagakerfi að því ástandi sem skapaðist á fjármálamarkaði hér á landi haustið 2008. Breytingarnar voru því í raun sjálfstætt framhald af fyrri breytingum (lögum nr. 125/2008 og lögum nr. 129/2008) og til fyllingar því réttarástandi sem skapað hafði verið. Vegna þeirra reglna sem lög nr. 125/2008 og 129/2008 höfðu að geyma var jafnframt talið óhjákvæmilegt að kveða á um tilteknar sérreglur sem gilda skyldu um þær fjármálastofnanir sem höfðu þegar fengið heimild til greiðslustöðvunar. Þessar sérreglur voru settar fram í bráðabirgðaákvæði laganna. Að því athuguðu er rétt að rekja hér fjórar meginforsendur sem lagðar voru til grundvallar við gerð laga nr. 44/2009 að því leyti sem það varðar stöðu LBI sérstaklega:

1. Lögum nr. 44/2009 var ekki ætlað að fella niður greiðslustöðvun sem þegar hafði verið komið á laggirnar á grundvelli ákvæða laga nr. 129/2008. Þess í stað voru gerðar ákveðnar breytingar á réttaráhrifum greiðslustöðvunarinnar. Ein af breytingunum er að reglur 19. – 22. gr. GPL gilda ekki lengur um heimildir til greiðslu skulda, sölu eigna og stofnun nýrra skuldbindinga. Þess í stað gilda um þetta, og aðrar ráðstafanir í þágu bankans, sömu reglur og gilda um bústjórn skiptastjóra við gjaldþrotaskipti. Skulu allar ráðstafanir í þágu bankans miða að því að sem mest fáist fyrir eignir hans.
2. Eftir breytingarnar er greiðslustöðvun bankans byggð á helstu meginreglum og einkennum slitameðferðar samkvæmt ákvæðum laganna, en jafnframt liggur fyrir að slík slitameðferð tekur við að loknum greiðslustöðvunartíma, nema allar skuldbindingar bankans séu að fullu greiddar áður eða nauðasamningur kominn á. Málafni bankans verða áfram í höndum skilanevndar og slitastjórnar eftir að greiðslustöðvun lýkur.
3. Til einföldunar og af hagkvæmnisástæðum var talið rétt að margar meginreglur GPL skyldu gilda um málafni bankans að breyttu breytanda. Sem dæmi um það má nefna reglur um gagnkvæma samninga, kröfur á hendur bönkunum, innköllun, lýsingu krafna, kröfuhafafundi, réttthæð krafna (að undanskilinni sérreglu um forgangsrétt innstæðna samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta), ýmis atriði er varða skyldur skilanevndar og slitastjórnar, aðgang að dómstólum til úrlausnar ágreiningsefnum og reglur um riftun ráðstafana.
4. Kveðið var á um að héraðsdómur skyldi, að beiðni skilanevndar, skipa slitastjórn til að sinna þeim þáttum greiðslustöðvunar og slitameðferðar sem félli utan við verksvið skilanevndar. Talið var nauðsynlegt að aðstoðarmenn við greiðslustöðvun yrðu sjálfkrafa hluti slitastjórnar þar sem það ætti við en til viðbótar kæmu allt að fjórir aðrir sem uppfylltu skilyrði laga um skipun skiptastjóra.

Að framangreindu virtu er ljóst að bankinn er í greiðslustöðvun með ákveðnum séreinkennum sem stjórnvöld töldu nauðsynleg. Jafnframt liggur fyrir að bankinn mun, að loknum greiðslustöðvunartíma, fara sjálfkrafa í slitameðferð. Þrátt fyrir það hefur slitameðferðin í raun hafist á greiðslustöðvunartímanum enda gilda um greiðslustöðvunina allar helstu reglur slitameðferðarinnar.

#### 4.3.1 BREYTT VERKEFNI AÐSTOÐARMANNS

Með fyrrgreindum lögum nr. 44/2009 urðu veigamiklar breytingar á inntaki greiðslustöðvunar LBI og hlutverki aðstoðarmanns. Tekið var fram að IV. kafli GPL skyldi ekki gilda um hina nýju greiðslustöðvun en aðstoðarmaður skyldi hafa eftirlit með ráðstöfunum skilanevndar skv. 103. gr. FFL, sbr. 7. gr. laga nr. 44/2009. Samkvæmt því ákvæði skal skilanevnd ráðstafa eignum bankans eftir sömu reglum og gilda um bústjórn skiptastjóra við gjaldþrotaskipti.

Samkvæmt 4. tl. bráðabirgðaákvæðis V skyldi aðstoðarmaður sjálfkrafa taka sæti í slitastjórn þegar héraðsdómari skipaði bankanum slitastjórn. Sú skipun fór fram þann 29. apríl 2009 og hefur aðstoðarmaður setið í slitastjórn bankans og sinnt þeim verkefnum sem henni eru ætluð frá þeim tíma auk þess að sinna starfi aðstoðarmanns. Hlutverk lánanevndar bankans breyttist ekki við gildistöku

laga nr. 44/2009. Samkvæmt því skulu ákvarðanir sem fallið geta undir ráðstafanir samkvæmt 103. gr. FFL teknar í nefndinni. Eftir að aðstoðarmaður tók sæti í slitastjórn hefur hann að jafnaði ekki setið fundi lánanefndar en hefur fyrir fundi lánanefndar fengið öll erindi sem leggja á fyrir viðkomandi fund og tillögur um afgreiðslur auk þess sem fylgt hefur fundargerð síðasta fundar. Með þessum hætti hefur aðstoðarmaður með reglubundnum hætti fylgst með ráðstöfunum skilaneftdar auk þess sem hann hefur átt fundi með skilaneftnd og starfsmönnum bankans um einstök mál. Þá hefur aðstoðarmaður ásamt öðrum í slitastjórn bankans setið samráðsfundi með skilaneftnd.

Frá gildistöku laga nr. 44/2009 hefur mikil vinna verið lögð í að ná niðurstöðu um fjárhæð og tegund endurgjalds úr hendi NBI vegna mismunar á verðmæti skuldbindinga og eigna sem fóru yfir til NBI með ákvörðun FME um ráðstöfun eigna og skulda LBI til NBI dags. 9. október 2009 (sjá nánar í kafla 3.2.3). Aðstoðarmaður hefur fylgst með framgangi viðræðna um þessi efni en ekki átt beina aðild að þeim.

Samkvæmt 25. gr. GPL er aðstoðarmanni skylt að tilkynna héraðsdómara það skriflega ef hann telur að greiðslustöðvun muni ekki bera árangur eða skuldarinn starfi ekki af trúmennsku með honum eða hafi gert ráðstafanir í andstöðu við 19-21. gr. GPL. Með hliðsjón af því á hvaða lagagrundvelli LBI fékk í öndverðu heimild greiðslustöðvunar og því hvernig inntaki greiðslustöðvunar var breytt með lögum nr. 44/2009 hefur aðstoðarmaður ekki talið tilefni til að tilkynna héraðsdómara að greiðslustöðvun bankans muni ekki bera árangur. Aðstoðarmaður hefur ekki orðið annars var en að unnið hafi verið af trúmennsku að markmiðum greiðslustöðvunar LBI. Þá er aðstoðarmanni ekki kunnugt um ráðstafanir sem gerðar hafi verið í greiðslustöðvun bankans sem fara í bága við 19.-21. gr. GPL eða 103. gr. FFL, sbr. 7. gr. laga nr. 44/2009.

KAFLI 5

## SLITASTJÓRN

## 5 SLITASTJÓRN

Þann 29. apríl 2009 varð Héraðsdómur Reykjavíkur við skriflegri beiðni skilanefndar um skipun slitastjórnar fyrir LBI. Voru Halldór H. Backman hrl. og Herdís Hallmarsdóttir hrl. skipuð í slitastjórn af dóminum og sitja þar ásamt Kristni Bjarnasyni hrl. aðstoðarmanni við greiðslustöðvun svo sem að framan greinir.

Eftir gildistöku framangreindra laga fara skilanefnd og slitastjórn sameiginlega með stjórn á málefnum bankans í samræmi við þá verkaskiptingu sem skilgreind er í 3. og 4. tölulið bráðabirgðaákvæðis V. í FFL.

Eitt af helstu verkefnum slitastjórnar er að fara með allar kröfur gegn bankanum í samræmi við ferlið sem mælt er fyrir um í lögum um breytingar á lögum nr. 44/2009.

### 5.1 KRÖFULÝSINGAFERLIÐ

Þegar frestur til að lýsa kröfum er liðinn skal slitastjórn gera skrá yfir lýstar kröfur og taka sjálfstæða afstöðu til viðurkenningar krafna, þ.m.t. þeirrar réttthæðar sem lýst er. Ákvörðun um forgang krafna er í samræmi við ákvæði 109. – 115. gr. GþL, með þeirri undantekningu, vegna breytinga á lögnum, að kröfur vegna innistæðna, sbr. ákvæði laga um tryggingu innistæðna og bótakerfi til fjárfesta, skulu hafa forgang.

Form og innihald krafna sem lýst er á hendur LBI miðast við reglur 117. gr. GþL.

Vegna þess hvað kröfur eru margar og viðamiklar er óhjákvæmilegt fyrir slitastjórn að forgangsraða þeim. Reynt verður að taka fyrst afstöðu til ýmissa forgangskrafna sem lýst er á grundvelli 109. – 112. gr. GþL, en því næst verður farið yfir almennar kröfur skv. 113. gr. sömu laga. Með vísan til lokamálsliðar 1. mgr. 119. gr. GþL verður ekki tekin afstaða til eftirstæðra krafna, þ.e. krafna sem falla undir 114. gr. laganna.

Verði kröfu hafnað af slitastjórninni, í heild eða að hluta, skal tilkynna kröfuhafa það að minnsta kosti viku fyrir kröfuhafafundinn eða í síðasta lagi 16. nóvember 2009. Sérstök tilkynning skal einnig send innan sama frests kröfuhöfum í þeim tilfellum þar sem frestað er að taka afstöðu skv. framangreindu. Boðað mun til framhaldskröfuhafafundar í síðasta lagi á fundinum þann 23. nóvember hafi slík tilkynning ekki verið send kröfuhöfum áður. Skrá yfir lýstar kröfur var gerð aðgengileg kröfuhöfum bankans frá og með 16. nóvember 2009 með því að veita öllum kröfuhöfum aðgang að læstu svæði á heimasíðu bankans þar sem kröfuskrána og ýmis önnur gögn er að finna.

Kröfuhafar með lögvarða hagsmuni geta véfengt ákvörðun slitastjórnar um sérhverja kröfu sem lögð er fram, að því tilskildu að slík vefenging sé gerð eigi síðar en á kröfuhafafundinum þar sem viðkomandi krafa og ákvörðun um hana er til umfjöllunar. Öll mótmæli skal skrá og stjórnin skal leitast við að leysa úr öllum deiluefnum. Ef það reynist ekki hægt skal vísa deilunni til héraðsdóms.

Að loknum kröfuhafafundi sem slitastjórn heldur sbr. hér að framan, er slitastjórninni heimilt að greiða kröfur sem hafa hlotið viðurkenningu, að hluta eða að fullu. Þetta er háð vissum skilyrðum:

- Aðeins verða greiddar viðurkenndar kröfur (þ.e. óvefngdar kröfur eða kröfur sem vefngdar voru en ágreiningur til lykta leiddur).
- Tryggja skal að eignir bankans séu fullnægjandi til að greiða öllum jafnsettum kröfuhöfum jafnan hluta af útistandandi kröfum þeirra.
- Ef ágreiningur um kröfu sem gæti átt rétt á hlutfallslegri greiðslu er ekki til lykta leiddur skal taka fé til hliðar til að unnt sé að greiða hana verði hún viðurkennd.

Þrátt fyrir ofangreind skilyrði má greiða einstökum kröfuhöfum fyrirfram ef þeir bjóðast til að falla frá kröfum sínum í skiptum fyrir greiðslu að hluta, að því tilskildu að tryggt sé að slík greiðsla sé lægri en sú upphæð sem greidd yrði upp í kröfuna á síðari stigum miðað við stöðu hennar í skuldaröð.

## 5.2 STÖRF OG VERKEFNI SLITASTJÓRNAR

Auk þess að sjá um kröfufærlið sinnir slitastjórn m.a. eftirfarandi verkefnum:

- Slitastjórn tekur afstöðu til og/eða leysir úr hvers konar málaferlum, málshöfðunum og/eða aðgerðum einstakra kröfuhafa gegn bankanum.
- Slitastjórn riftir ráðstöfunum eftir reglum GPL.
- Slitastjórn annast með skilanefnd rannsókn á bókhaldslegum málefnum bankans (e. forensic investigation).
- Slitastjórn annast með skilanefnd ýmiskonar endurheimt eigna.
- Slitastjórn hefur umsjón með gagnkvæmum samningum og framfylgir þeim ákvörðunum sem gilda þar að lútandi skv. viðeigandi ákvæðum GPL.
- Slitastjórn kemur að ákvörðunum um skuldajafnanir, einkum þeim þætti sem lýtur að fullnustu krafna á hendur bankanum með skuldajöfnun.
- Slitastjórn annast varðveislu fjármuna bankans og úthlutun þeirra til kröfuhafa þegar það er talið tímabært og lög leyfa.

Að síðustu sér slitastjórnin um lok slitameðferðar eins og lýst er í 103. gr. a í FFL. Þar með er talin full greiðsla á öllum skuldbindingum og ábyrgðum eða gerð nauðarsamninga við kröfuhafa þegar eignir hafa verið endurheimtar og hámarkaðar og gengið hefur verið frá öllum deilumálum varðandi kröfur og önnur málefni.

Slitastjórn situr í endurskoðunarnefnd með skilanefnd og starfa meðlimir slitastjórnar í vinnuhópum innan endurskoðunarnefndar, sbr. nánari umfjöllun í kafla 3.2.7.

### 5.2.1 INNKÖLLUN, MÓTTAKA OG MEÐFERÐ KRÖFULÝSINGA

Slitastjórn birti fyrst innköllun til kröfuhafa í Lögbirtingablaði á Íslandi þann 30. apríl 2009 og aftur þann 7. maí 2009. Dagsetning fyrri birtingar markar upphaf 6 mánaða kröfulýsingafrests, sem rann út á miðnætti þann 30. október 2009. Innköllun var einnig birt í dagblöðum erlendis í þeim löndum þar sem talið er að kröfuhafar bankans kunni að vera búsettir. Þá var innköllun birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Þekktum kröfuhöfum bankans var send sérstök tilkynning um að innköllun krafna hefði hafist, hvenær kröfulýsingarfresti lyki og hvaða afleiðingar það gæti haft um afdrif kröfunnar ef henni yrði ekki lýst áður en frestur rynni út.

Kröfuhöfum frá aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða Fríverslunarsamtaka Evrópu var heimilt að lýsa kröfum á tungumáli heimalands síns. Slíkum kröfulýsingum skyldi fylgja íslensk þýðing en heimilt var þó að lýsa kröfu á ensku án þess að þýðing fylgdi. Aðrir kröfuhafar gátu jafnframt kosið að lýsa kröfum sínum á íslensku eða ensku. Öllum fylgigögnum með kröfulýsingu átti að fylgja ensk eða íslensk þýðing væru þau ekki á öðru hvoru þessara tungumála.

Af hálfu slitastjórnar var komið upp skipulögðu móttökufærli á kröfulýsingum ásamt sérstökum gagnagrunni til að halda utan um lýstar kröfur og öll gögn sem þeim fylgdu.

### 5.2.2 MEÐFERÐ KRAFNA OG AFSTAÐA

Slitastjórn hefur fjallað um einstakar kröfur í því skyni að taka afstöðu til þeirra lögum samkvæmt. Vinna við það er gríðarlega umfangsmikil. Af þeim sökum hefur slitastjórn þurft að fá til aðstoðar við

sig löglærða fulltrúa og lögmenn við undirbúning ákvarðana af hálfu slitastjórnar og jafnframt til að sinna öðrum verkefnum sem ekki þykir rétt, m.t.t. hæfisreglna, að fela starfsmönnum bankans. Meðal verkefna við undirbúning ákvarðana er rannsókn á undirliggjandi skjölum og samprófun við gögn bankans þar sem því verður við komið, skoðun vaxta- og kostnaðarkrafna og ýmis önnur úrvinnsla sem nauðsynlegt er að ljúka fyrir ákvörðun slitastjórnar.

### 5.2.3 GAGNKVÆMIR SAMNINGAR

Samkvæmt 1. mgr. 102. gr. FFL gilda reglur GPL um gagnkvæma samninga. Í því felst að slitastjórn hefur þurft að taka afstöðu til ýmissa gagnkvæma samninga bankans m.t.t. ákvæða XV. kafla GPL. Miðað við umfang rekstrar bankans á fyrri stigum hefur sú vinna reynst viðamikil og í ákveðnum tilfellum hefur slitastjórn sent gagnaðilum í slíkum samningssamböndum tilkynningar þess efnis að ekki sé tekið við réttindum og skyldum samkvæmt þeim. Meðal þeirra samninga sem hér um ræðir voru ýmsir afleiðusamningar. Rétt þykir því að rekja hér að neðan nokkur atriði sem þar koma til álita.

Afleiðusamningar eru samningar um framvirk gjaldmiðlaviðskipti og skiptasamningar milli banka og sparisjóða annars vegar og viðskiptamanna þeirra hins vegar. Tilteknar sérreglur gilda um afleiðusamninga. Þannig gildir 40. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti þar sem kveður á um að skriflegur samningur milli tveggja aðila um að skyldur þeirra skuli jafnast hver á móti annarri, með skuldajöfnuði, skuli haldast að fullu þrátt fyrir ákvæði 91. og 100. gr. GPL. Tilgangur undanþágu frá 91. gr. GPL er að koma í veg fyrir að bankinn geti gengið inn í þá samninga sem eru hagstæðir fyrir þá og hafnað þeim sem eru þeim óhagstæðir. Innbyrðis uppgjör skuli ávallt fara fram. Slitastjórn hefur í samvinnu við skilanevnd unnið að yfirferð afleiðusamninga og lögmætri meðferð þeirra með tilliti til þeirra sérreglna sem gilda.

### 5.2.4 SKULDAJÖFNUN

Við meðferð krafna á hendur LBI um skuldajöfnun er tekin afstaða til þess hvort uppfyllt séu skilyrði 100. gr. GPL um að kröfuhafi hafi eignast gagnkröfu sína á hendur bankanum áður en þrjú mánuðir voru til frestdags. Þá er einnig metið hvort aðalkrafa LBI á hendur viðkomandi kröfuhafa sé réttmæt. Af þessum sökum hefur það verið meðal verkefna slitastjórnar að eiga samstarf við skilanevnd um meðferð og ákvörðun hverskyns skuldajöfnunar af hálfu bankans. Í vissum tilvikum hefur sú vinna kallað á samráð við NBI, enda kemur fram í 9. tölulið ákvörðunar FME frá 19. október 2008 að framsal kröfuréttinda frá bankanum yfir til NBI hafi ekki áhrif á rétt skuldara til skuldajöfnunar sem hann átti gagnvart fyrri kröfuhafa.

### 5.2.5 DÓMSMÁL Á HENDUR BANKANUM

Samkvæmt 4. mgr. 102. gr. FFL gilda reglur XVIII kafla GPL um kröfur á hendur bankanum. Ákvæði sem gilda um rekstur dómsmála á hendur bankanum er að finna í upphafsgrein XVIII kafla, þ.e. 116. gr. GPL. Samkvæmt 1. mgr. 116. gr. GPL er lagt bann við höfðun dómsmála nema sérstakar aðstæður séu fyrir hendi sem nánar er lýst í ákvæðinu. Það leiðir hins vegar af 2. mgr. 116. gr. GPL að dómsmál sem þegar voru höfðuð mega halda áfram, enda tilkynni stefnandi þess slitastjórn um það.

Með vísan til framangreinds hefur slitastjórn þurft að taka til athugunar og taka ákvörðun í fjölmörgum tilfellum þar sem dómsmál hafa verið höfðuð á hendur bankanum, bæði á Íslandi og erlendis. Verkefni slitastjórnar er m.a. að ákvarða hvort um sé að ræða hagsmuni sem nauðsynlegt sé að verja til hagsbóta fyrir bankann og kröfuhafa hans í heild. Annars vegar á þetta við þegar um nýjar málsóknir sem ekki eiga að komast að vegna ákvæða 1. mgr. 116. gr. GPL er að ræða og hins vegar þegar taka þarf afstöðu til þess hvort slitastjórn láti mál sem áður voru höfðuð, sbr. ákvæði 2. mgr. 116. gr. GPL til sín taka.

## 5.2.6 RIFTUN RÁÐSTAFANA

Við greiðslustöðvun og síðar slitameðferð LBI er heimilt að krefjast riftunar á ráðstöfunum sem gerðar hafa verið eftir sömu reglum og gilda um riftun ráðstafana þrotamanns við gjaldþrotaskipti. Um það gilda reglur XX. kafla GPL. Hér gildir sú grundvallarregla að kröfuhafar njóti jafnræðis. Meginstefnan er að kröfuhafar hafi jafnan rétt til úthlutunar af eignum bankans. Hlutverk riftunarreglna er að tryggja enn frekar að jafnræði ríki meðal kröfuhafa. Þær heimila slitastjórn að hnekkja tilteknum ráðstöfunum bankans sem hann eða aðrir hafa viðhaft áður en bankinn fór í greiðslustöðvun. Um getur verið að ræða ráðstafanir sem hafa leitt til tjóns fyrir bankann, rýrt verðmæti hans eða leitt til þess að einstakir kröfuhafar hafi fengið kröfur sínar greiddar eða á annan hátt fengið betri stöðu en þeir annars hefðu haft.

Slitastjórn hefur fengið ábendingar um riftanlegar ráðstafanir og er unnið að athugun á þeim í samvinnu við sérfræðinga sem ráðnir hafa verið til að rannsaka fjárhagsmálefni bankans. Þegar hefur einu riftunarmáli verið lokið með greiðslu frá riftunarpóla og vænta má að fjöldi slíkra mála verði verulegur. Þá er við rannsókn á málefnum bankans einnig leitað eftir ótilhlýðilegum ráðstöfunum af öðrum toga og brugðist við slíku með þeim hætti sem lög bjóða.

## 5.2.7 RANNSÓKN Á MÁLEFNUM BANKANS

Eins og áður greinir hafa slitastjórn og skilanefnd sameiginlega látið framkvæma viðtæka rannsókn á málefnum bankans, starfsemi hans, eignum og réttindum. Rannsóknin er framkvæmd á grundvelli þeirra reglna sem gilda um skyldur og starfshætti skiptastjóra skv. reglum GPL þó var talið óhjákvæmilegt að fá til starfa utanaðkomandi sérfræðinga. Með fulltingi erlendra lögmannna bankans var samið við sérhæft teymi á vegum Deloitte (sjá frekar um Deloitte í kafla 6.14.3).

Meðal annars verða kannaðar riftanlegar ráðstafanir (samanber hér að ofan). Deloitte mun m.a. rannsaka möguleika á riftun ráðstöfunar m.t.t. hvort

- einstakar ráðstafanir hafi skert eignir bankans svo sem með eftirgjöf skulda
- einstakar ráðstafanir hafa í för með sér fjárhagslegar skuldbindingar fyrir bankann til tjóns fyrir kröfuhafa í heild
- viðhafðar hafa verið ráðstafanir sem fólu í sér mismunum milli kröfuhafa þannig að fullnusta þeirra krafna hafi orðið önnur en verið hefði, m.a. með greiðslu skulda áður en þær féllu í gjalddaga ellegar ef einum kröfuhafa var síðar veitt trygging fyrir greiðslu sinnar kröfu
- innan bankans hafi viðgengist ólöglegt og saknæm starfsemi þannig að bankinn eigi skaðabótakröfu á hendur þeim er ábyrgð ber á því að slík starfsemi hafi viðgengist

Eins og gefur að skilja er rannsóknin viðfeðm og tekur til allrar starfsemi bankans síðustu tvö ár. Helstu þættir starfseminnar sem verða andlag rannsóknarinnar eru: Lán, innstæður, afleiðuviðskipti, verðbréfavíðskipti, viðskipti við dótturfélög, fjármagnsfærslur milli landa, flóknir fjármálagerningar, greiðslur og viðskipti við starfsmenn bankans. Eðli málsins samkvæmt verða viðskipti tengdra aðila skoðuð sérstaklega.

Þess má geta að slitastjórn mun uppfylla skyldur sínar samkvæmt 84. gr. GPL og upplýsa bær yfirvöld ef upp kemur rökstuddur grunur um refsiverða háttasemi í starfsemi bankans. Eðli málsins samkvæmt er ekki unnt að upplýsa nánar um rannsóknina að svo stöddu.

## 5.2.8 VIÐBRÖGD VIÐ INNHEIMTUAÐGERÐUM ERLENDIS

Slitastjórn hefur kappkostað að viðhalda réttarvernd fyrir bankann erlendis. Þar sem bankinn á hagsmuni hefur viðurkenning yfirvalda fyrir þeirri réttarvernd sem leiðir af ákvæðum GPL (svokallað

viðurkenningarferli sem fjallað er um í kafla 4.1.6), verið sótt og jafnframt hefur slitastjórn brugðist við innheimtuaðgerðum sem ýmsir kröfuhafar, ekki síst erlendis, hafa þegar ráðist í.

Eins og komið hefur fram gilda ákvæði 116. gr. GþL um greiðslustöðvun og slitameðferð bankans. Samkvæmt 3. mgr. 116. gr., og með þeirri undantekningu sem felst í 4. mgr. ákvæðisins, verður „[k]röfu um aðför, kyrrsetningu, lögbann eða löggeymslu [...] ekki komið fram gegn [bankanum]“. Hefur slitastjórn þurft að beita þessari réttarvernd í nokkrum tilfellum þar sem erlendir kröfuhafar hafa reynt að ná fram fullnustu með aðgerðum er beinast að eignum bankans erlendis.

Í þeim tilfellum sem kröfuhafar hafa náð fram einhvers konar fullnusturéttindum í eignum bankans, fyrir þær breytingar á FFL sem urðu með gildistöku laga nr. 44/2009 þann 22. apríl 2009, hefur slitastjórn unnið að því að fá viðurkennda riftun slíkra fullnusturéttinda, m.a. eftir reglum 138. gr. GþL.

### 5.2.9 BÓTAKRÖFUR Á HENDUR ÞRIÐJU AÐILUM

Slitastjórn og skilanefnd hafa sameiginlega haldið til haga ýmis konar bótakröfum á hendur þriðju aðilum. Með bótakröfum í þessum skilningi er átt við fjárkröfur sem fyrir hendi kunna að vera og mögulegt er að sækja á hendur þriðju aðilum, annað hvort með lögsóknum ellegar með því að beita skuldajöfnuði á móti kröfum sem beint er að bankanum. Ekki er að svo komnu máli unnt að rekja nánar einstök mál eða málavexti eðli slíkra mála samkvæmt.

### 5.2.10 FJÁRSTÝRING

Slitastjórn annast umsjón með reiðufé bankans og varðveislu þess. Um fjárstýringu er fjallað nánar í kafla 6.5.

### 5.3 KRÖFUHAFAFUNDIR

Slitastjórn og skilanefnd geta boðað til kröfuhafafunda að eigin frumkvæði þegar það er talið rétt í því skyni að kynna ráðstafanir sem hafa verið gerðar, til að leita eftir tillögum kröfuhafa eða bera undir þá tiltekin atriði.

Við ákveðnar aðstæður eru kröfuhafafundir lögboðnir. Slitastjórnin skal til dæmis halda fund eins og kveðið er á um í 85. gr. GþL, í þeim tilgangi að fjalla um skrá um lýstar kröfur, sbr. nánar kafla 5.1 hér að framan. Ítarlegri reglur um kröfuhafafundi má finna í 79. gr. GþL.

Aðstoðarmaður við greiðslustöðvun bankans skal einnig halda fundi með kröfuhöfum til að ræða málefni og fjárhag bankans þar sem fram kemur hvort óskað verði framlengingar greiðslustöðvunar og þá í hvaða tilgangi.

Kröfuhafar sem ráða yfir alls 20% af atkvæðum geta ennfremur krafist kröfuhafafundar. Vægi atkvæða á kröfuhafafundi ræðst af fjárhæðum krafna þeirra sem eiga rétt til fundarsóknar og hafa lýst kröfum um peningagreiðslu.

Þeim kröfum sem enn hafa ekki verið endanlega ákvarðaðar (t.d. kröfur sem ekki hefur verið tekin afstaða til, eru umdeildar, óvissar eða skilyrtar, ógjaldfallnar eða kröfur sem eru tryggðar að fullu eða að hluta) fylgir atkvæði til bráðabirgða. Allir sem lýst hafa kröfu á hendur bankanum í samræmi við reglur þar að lútandi eiga rétt á að sækja kröfuhafafundi. Þeir aðilar sem eiga kröfur sem hefur verið endanlega hafnað (eftir atvikum með dómi) hafa þó ekki rétt til að sækja kröfuhafafundi. Ennfremur, ef ljóst er að krafa verður greidd að fullu, eða alls ekki, hefur kröfuhafinn ekki atkvæðisrétt á grundvelli hennar. Ef atkvæði eru greidd um málefni er varða hagsmuni ákveðins kröfuhafa skal atkvæði hans falla niður.



Á kröfuhafafundi má kalla eftir tillögum frá kröfuhöfum um úrræði en slitastjórnin og skilanefndin eru almennt ekki bundnar af ákvörðunum kröfuhafafunda. Um þetta eru nánari ákvæði í 127. gr. GPL. Ákvörðun kröfuhafafundar getur verið bindandi fyrir slitastjórnina og/eða skilanefndina ef (i) fundinn sækir ályktunarfær meirihluti – þ.e.a.s. kröfuhafar sem ráða yfir minnst þriðjungi atkvæða og (ii) ákvörðun sem tekin er á fundinum er einróma samþykkt af öllum fundarmönnum. Þó eru frá þessu mikilvægar undantekningar. Til dæmis er slitastjórn eða skilanefnd ekki bundin af einróma ákvörðun ef hún er

- andstæð lögum eða óheiðarleg
- óframkvæmanleg;
- gengur bersýnilega í bága við hagsmuni kröfuhafa sem ekki sóttu fundinn; eða
- gengur greinilega gegn hagsmunum þeirra kröfuhafa sem ekki hafa enn lagt fram kröfur sínar en kunna enn að koma fram

Í slíkum tilvikum geta slitastjórn og skilanefnd leitt málefnið til lykta eða lagt það fyrir nýjan kröfuhafafund. Ef kröfuhafi telur að tiltekin ákvörðun eða ráðstöfun slitastjórnar eða skilanefndar sé ólögmat, getur kröfuhafinn mótmælt henni á kröfuhafafundi þar sem gera skal tilraun til að jafna ágreininginn. Ef ekki tekst að jafna ágreininginn skal vísa deilunni til héraðsdóms til úrlausnar; meðan málið bíður niðurstöðu dómsins skal ekki gera neinar frekari ráðstafanir vegna málsins, nema brýna nauðsyn beri til.

Ef atkvæði á kröfuhafafundi eru ekki einróma þá ræður ákvörðun meirihluta, nema meirihlutinn hafi misnotað meirihlutaástöðu sína minnihlutanum í óhag. Falli atkvæði jafnt skal slitastjórn og skilanefnd skera úr um málið eða leggja það öðru sinni fyrir kröfuhafafund. Ákvörðun getur þó aðeins verið bindandi varðandi aðgerðir sem hafa ekki enn verið framkvæmdar. Kröfuhafar geta ekki snúið við bindandi gjörningum skilanefndar og slitastjórnar fyrir hönd bankans.


Slitastjórn og skilanefnd hafa vald til að taka ákvarðanir um alla hagsmuni bankans. Það er lítið á það sem sjálfsagðan hlut að fullt tillit sé tekið til skoðana kröfuhafa, þar sem ráðstafanir á hagsmunum búsins hafa bein árf á þeirra eigin hagsmuni. Þó viðurkenna íslensk lög að gott jafnvægi verður að ríkja milli þess að kröfuhafar geti látið skoðanir sínar í ljós og að slitaferlið sé skilvirkt. Í 3. mgr. 103. gr. FFL eru settar fram reglur sem ætlað er að ráða bót á þörf slitastjórnar og skilanefnar að afla sér fyrirfram samþykkis kröfuhafafundar.

Kröfuhafafundir eru ekki opnir almenningi. Einungis þeir sem hafa lagt fram kröfur geta sótt fundinn, hafi kröfum þeirra ekki þegar verið hafnað eða þær greiddar. Skilanefnd og slitastjórn geta í undantekingartilfellum leyft öðrum sem hafa hagsmuna að gæta að sækja fundinn, að því gefnu að enginn sem rétt á til fundarsóknar hreyfi athugasemdum.

MILLI KAFLI 6  
STARFSEMI LBI

## 6 STARFSEMI LBI

Skilanefnd og slítastjórn fara með stjórn LBI í samræmi við þær upplýsingar sem komið hafa fram hér að framan.



Ársæll Hafsteinsson og Pétur Örn Sverrisson stýra daglegum rekstri sinna ábyrgðarsviða eins og fram kemur í skipiritinu hér að framan. Hér að neðan verður farið yfir helstu verkefni helstu starfseininga LBI.

### 6.1 LÖGFRÆÐISVIÐ

Lögfræðisvið LBI skiptist í lögfræðiráðgjöf og lögfræðinnheimtu. Lögfræðiráðgjöf LBI annast lögfræðilega ráðgjöf til skilanefndar og fyrirtækjasviðs eftir atvikum. Við lögfræðiráðgjöf starfa sex manns, þar af tveir í hlutastarfi.

Lögfræðinnheimta annast fullnustu krafna bankans á Íslandi. Forstöðumaður lögfræðinnheimtu ber ábyrgð á að allar kröfur sem eru til innheimtumeðferðar hjá deildinni séu í eðlilegum og réttum innheimtufarvegi. Hjá lögfræðinnheimtu starfa fimm manns auk eins starfsmanns sem hefur umsjón með fullnustueignum sem til falla í formi fasteigna og lausafjár.

### 6.2 FYRIRTÆKJASVIÐ

Fyrirtækjasvið skiptist í þrjár deildir, útlánamál, afleiðudeild og lánavinnslu. Við útlánamál starfa viðskiptastjórnar og starfsmaður lánanefndar. Viðskiptastjórnar hafa umsjón með ákveðnum lánum í lánabók LBI en öll lán í lánabókinni eru á ábyrgð tiltekins viðskiptastjóra. Markmið þeirra er að hámarka þau verðmæti sem hægt er að ná út úr lánum LBI, hvort sem er með uppgreiðslu lána, endurskipulagningu þeirra eða með því að innheimta greiðslur af þeim út líftíma. Við útlánamál starfa sjö starfsmenn. Forstöðumaður ber ábyrgð á daglegu starfi m.a. undirbúningi mála til fyrirtöku í

lánanefnd, undirbúningi reglulegra matsfunda („Monitoring meetings“), og undirbúningi afskrifta- og niðurfærslufunda.

Í afleiðudeild starfa fjórir starfsmenn. Deildin annast heimtur á afleiðusamningum í samstarfi við lögfræðiiinnheimtu. Sviðið hefur jafnframt umsjón með hlutabréfaeign LBI á Íslandi og er ætlað að leggja mat á hvenær þær aðstæður skapast á markaði að hagfelld sé að selja bréf.

Við lánavinnslu starfa fimm manns. Verkefni deildarinnar snúa fyrst og fremst að því að fylgjast með lánnum LBI í kerfum bankans og annast skjalavörslu á lánaskjölum ásamt starfsmanni lánanefndar.

### 6.3 FJÁRHAGS- OG REKSTRARSVIÐ

Fjárhags- og rekstrarsvið annast bókhald vegna daglegs reksturs bankans á Íslandi. Það ber ábyrgð á bókhaldi og uppgjöri bankans á samstæðugrundvelli ásamt ýmsum fjárhags- og rekstartengdum málum á sama grunni.

### 6.4. ÁHÆTTUEFTIRLITSSVIÐ

Hlutverk áhættueftirlitssviðs er að staðreyna, mæla, hafa eftirlit með og greina frá í skýrsluformi helstu áhættuþætti sem LBI stendur frammi fyrir í starfsemi sinni. Þar er helst um að ræða rekstraráhættu, markaðsáhættu og útlánaáhættu sem mikilvægust er m.t.t. eðlis og umfangs starfsemi LBI. Öll vinna sem lýtur að gagnagrunnum LBI og vinnslu þeirra gagna sem þar um ræðir er framkvæmd af áhættueftirliti. Áhættueftirlit fylgist reglulega og kerfisbundið með vinnu lögfræðiiinnheimtu, viðskiptastjóra og afleiðuhóps fyrirtækjasviðs í þeim tilgangi að ná fram háværkun virðis eigna bankans.

Eins og áður er getið sér áhættueftirlit um að undirbúa reglubundna fundi með öllum þeim sem koma að því að meðhöndla eignir bankans. Þar er farið yfir stöðuna og eignirnar ræddar og metnar. Í framhaldi af þessum fundum fer áhættueftirlit yfir niðurstöðurnar, uppreiðnar endurheimtur á eignum bankans og kunngerir skilaneftnd niðurstöðurnar.

Áhættueftirlitið, leiðir vinnu við tillögugerð um endanlegar afskriftir útlána og afleiðna og kynnir þessar tillögur á sérstökum afskriftarfundum skilaneftndar þar sem niðurfærsla eigna er einnig rædd og ákveðin

Áhættueftirlitsdeild mun jafnframt hafa eftirlit með því eignasafni sem verður viðmiðunargrundvöllur hugsanlegs viðbótarskuldabréfs, sbr. kafla 3.2.3.1 þar sem fjallað er um greiðslur NBI til LBI fyrir yfirfærðar eignir samkvæmt því samkomulagi sem undirritað var 9. október sl.

### 6.5 ALMANNATENGL OG KRÖFUHAFASAMSKIPTI

Almannatengill annast samskipti við fjölmiðla, fylgist með og metur fréttáflutning og umfjöllun um málefni er tengjast bankanum beint og óbeint og hefur umsjón með heimasíðu bankans.

Kröfuhafatengill annast samskipti við kröfuhafa eftir atvikum og hefur auk þess umsjón með ICC. Kröfuhafatengill hefur jafnframt tekið þátt í samningaviðræðum milli LBI og fjármálaráðuneytis í samstarfi við ráðgjafa skilaneftndar frá Barclays.

### 6.6 FJÁRSTÝRING- SJÓÐIR

Fjárstýringu bankans er stjórnað frá Reykjavík. Rétt er þó að geta þess að fyrir aðgerðir stjórnvalda í Hollandi er stýring á lausu fé útibúsins í Amsterdam alfarið í höndum þarlendra skiptastjóra og hefur fjárstýring LBI enga aðkomu að málefnum útibúsins.

Fjárstýringin leggur höfuðáherslu á að fjármunir séu varðveittir á traustan og öruggan hátt þannig að tapsáhætta og áhætta á skuldajöfnun verði lágmörkuð. Það verður jafnframt að vera tryggt að ávöxtun fjármuna sé ásættanleg.

Helsti mótaðili LBI á Íslandi er NBI hf. Þar hefur LBI átt gjaldeyris- og verðbréfavíðskipti, og ávaxtar auk þess laust fé hjá bankanum. Nýlega var mörkuð sú stefna að ávöxtun á lausu fé höfuðstöðva verði í sem mestum mæli hjá Seðlabanka Íslands og hefur verið unnið að því síðustu vikur. Það er skoðun LBI að ávöxtun á lausu fé á Íslandi hafi verið vel ásættanleg og að öryggi fjármuna sé vel tryggt.

Útibúið í London hefur nokkra mótaðila í gjaldeyris- og verðbréfavíðskiptum. Laust fé hefur að stórum hluta verið lagt inn á reikninga hjá Englandsbanka enda hefur verið lögð gríðarleg áhersla á öryggi fjármuna útibúsins í London þar sem útibúið starfaði fram á sumar undir hryðjuverkalögum og í afar erfiðu umhverfi. Innlánsreikningurinn hjá Englandsbanka hefur hins vegar ekki borið vexti þrátt fyrir ítrekaðar óskir um það. Stefnt er að því að lækka verulega fjárhæðir á þessum reikningi á næstu vikum. Stofnað hefur verið til viðskipta við nýjan vörsluaðila og er undirbúningur fyrir kaupum á skuldabréfum á lokastigi. Jafnframt stendur til að ávaxta laust fé í vaxandi mæli hjá traustum bönkum í Bretlandi. Af þeirri ástæðu er unnið að gerð fjárfestingarstefnu fyrir bankann þar sem áhersla er lögð á öryggi, seljanleika og stuttan líftíma fjárfestinganna. Til skoðunar er að leita til alþjóðlegra ráðgjafafyrirtækja í þessu sambandi, enda mikið í húfi að vel takist til.

## 6.7 KRÖFUFERLI

Á ábyrgðarsviði kröfufertilis er skráning og flokkun krafna sem bærust fyrir lok kröfulýsingarfrests. Verklag afstöðufertilis og ábyrgð á upplýsingum í kröfuskra heyrir undir þetta svið. Kröfuferli útbýr kröfuskra samkvæmt 119.gr. GPL. Þá er framkvæmd úthlutunar skv. XXII. kafla GPL undirbúin af kröfuferli.

## 6.8 LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF SLITASTJÓRNAR

Lögfræðiráðgjöf slitastjórnar veitir öllum deildum sem heyra undir slitastjórn LBI lögfræðiráðgjöf. Við lögfræðiráðgjöfina starfa tveir starfsmenn í náinni samvinnu við framkvæmdastjóra slitafertilis og slitastjórn. Verkefni lögfræðiráðgjafar snúa að öllu slitaferli LBI, þ.m.t. lögfræðiráðgjöf tengdri kröfulýsingarferlinu, þ.e. móttöku og skráningu kröfulýsinga og afstöðutöku slitastjórnar, lagalegum ágreiningsmálum við kröfuhafa, gagnkvæmum samningum bankans, skuldajöfnun og riftanlegum ráðstöfunum.

## 6.9 AÐGERÐIR Í SLITAFERLI

Við skipun slitastjórnar urðu virk ýmis ákvæði GPL er kveða á um skyldur slitastjórnar til tiltekinna aðgerða. Má þar nefna ákvæði XV. kafla GPL um gagnkvæma samninga sem heyra undir þetta svið. Fyrirferðarmesta verkefni sviðsins er skoðun á ráðstöfunum LBI fyrir frestdag með tilliti til þess hvort riftunarreglum GPL verði beitt. Þegar eru nokkur slík mál til meðferðar og tekist hefur að auka endurheimtur með þessum hætti.

## 6.10 ERLEND ÚTIBÚ/DÓTTURFÉLÖG

Erlend starfsemi LBI er í dag í tveimur útibúum í London og Amsterdam en auk þess á bankinn dótturfélagið Labki í Kanada sem áður var útibúið í Halifax. Stærsti hluti eignanna er á Íslandi en helsta ástæða þess er að skuldabréfið frá NBI verður gefið út og bókað á Íslandi og vistað þar. Stærstur hluti lánabókarinnar er aftur á móti í London en lánabókin í Kanada minnst. Eins og áður hefur fram komið heldur skilanevnd reglulega fundi með starfsmönnum innlendra og erlendra starfseininga um rekstur þeirra og eignamat.

### 6.10.1 ÚTIBÚIÐ Í LONDON

Helsta starfsemi í útibúinu í London fyrir skipan skilanevndar voru útlán til stórra og meðalstórra fyrirtækja, fyrst og fremst evrópskra en einnig bandarískra. Lánasafni útibúsins má í stórum dráttum skipta í tvennt: eignatengd lán, gegn tryggingum í birgðum og viðskiptakröfum fyrirtækja, og sjóðstremislán sem voru veitt gegn tryggingum í allri starfsemi viðkomandi fyrirtækis. Í báðum tilvikum leiddi bankinn sumar ánveitingar en var þó oftár þátttakandi í lánum leiddum af öðrum bönkum. Þar að auki fór fram miðlun og kaup á skuldabréfum og miðlun og uppsetning á afleiðum, en sú starfsemi var á byrjunarstigi. Einnig voru innlán í útibúinu en þeim þætti var alfarið úthýst til dótturfélags LBI, Heritable bank og allri vinnslu til þjónustuaðila í Bretlandi.

Þær eignir sem voru til staðar í útibúinu eftir skipan skilanevndar eru mestmegnis útlán til fyrirtækja sem eru enn í fullum rekstri og mun starfsfólk útibúsins hafa umsjón með þeim eignum og innheimta frá viðskiptavinum, líklega næstu 3 - 5 árin. Að auki er haldið utan um eignarhluti í fyrirtækjum sem hafa verið teknir yfir vegna innheimtu lána.

Bankinn leggur áherslu á að vinna náð með þeim fyrirtækjum sem eru í fullum rekstri og sjá til þess að hagsmunir bankans séu að fullu tryggðir en jafnframt að fyrirtækin og stjórnendur þeirra séu sjálfstæð og dafni.

Í byrjun október 2008 voru starfsmenn útibúsins 193 talsins en í lok september 2009 voru þeir 71, þar af störfuðu 28 manns við og í tengslum við eignatengd lán en aðrir starfsmenn sinna almennum bankarekstri og rekstri annarra lánabóka og eignasafna bankans.

Í kjölfar hrunsins var gríðarlega ótryggt ástand í útibúinu m.a. vegna eignafyrstingar sem beitt var á grundvelli laga gegn hryðjuverkum. Með aðstoð Bank of England sem veitti skammtímalán til starfseminnar tókst að koma stöðugleika á reksturinn. Jafnframt var öll greiðslumiðlun og innri starfsemi styrkt til að tryggja að engin truflun yrði vegna beitingar breskra hryðjuverkalaga. Á sama tíma var ráðist í fjöldauppsagnir, en þó tryggt að nægt starfsfólk væri til að sinna eignasafninu þar sem ljóst þótti að safnið myndi rýrna verulega ef bankinn þyrfti að selja það í þvingaðri sölu.

Í byrjun desember höfðu lán til Bank of England verið að fullu greidd til baka með tekjum og innheimtu af eignasafninu. Einnig hafði náðst að koma í veg fyrir að selja þyrfti hluta lánasafnsins á hrakvirði með tug milljarða tapi. Það sem af er þessu ári hefur allur rekstur gengið mjög vel, innheimtur verið góðar og í takt við áætlanir

### 6.10.2 ÚTIBÚIÐ Í AMSTERDAM

Í Hollandi starfa nú þrjú starfsmenn. Skilanevnd fann sig knúna til að segja fyrrum stjórnendum bankans upp vegna ágreinings um launakjör og óskaði í kjölfarið eftir því að Jan Van Andel starfsmaður útibúsins tæki að sér stöðu útibústjóra. Nú eru einungis þrjú starfsmenn í útibúinu sem skýrist einkum af því að útibúið í London sér að mestu um bakvinnslu.

Þann 13. október skipaði Héraðsdómur í Amsterdam nokkurs konar skiptastjóra yfir útibúið í Hollandi að kröfu hollenska seðlabankans (hér eftir „DNB“). Skiptastjórnir koma frá hollensku lögfræðistofunni DLA Piper. Skipunin fór einkum fram á þeim grundvelli að LBI hefði misst bankaleyfið en sú grundvallar forsenda niðurstöðu dómsins var beinlínis röng. Niðurstöðu dómsins var þó ekki áfrýjað samkvæmt ráðgjöf frá hollenskum lögmönnum. Það er skoðun LBI að þessi íhlutun í málefni útibúsins stangist mjög eindregið á við íslensk lög og sé í andstöðu við Evróputilskipun um slit fjármála fyrirtækja (e. Winding up Directive, 2001/24/EC). Tilraunir til að koma á samstarfi við skiptastjórana í Hollandi hafa borið takmarkaðan árangur. Erfitt hefur reynst að fá upplýsingar um kostnað af rekstri útibúsins í Hollandi og hefur enginn kostnaður verið samþykktur af skilanevnd eða slitastjórn heldur þvert á móti honum mótmælt og áskilnaður hafður uppi um endurkröfu. Þrátt fyrir að hafa ekki fengið sundurliðað

yfirlit hefur fregnast að kostnaðurinn sé óeðlilega hár. Jafnvel standa líkur til þess að einhverjar greiðslur kunni að stangast á við íslensk lög bæði vegna áfallins kostnaðar og krafna. Þessi sértæka skiptameðferð í Hollandi leiðir almennt séð til ýmis konar og augljósra vandkvæða og óvissu um réttarstöðu tiltekinna kröfuhafa og gæti jafnvel leitt til tjóns fyrir þá. Allar upplýsingar um eignir í Hollandi, ráðstafanir þeirra og stöðu útibúsins að öðru leyti eru þó mjög óljósar og er gerður fyrirvari að því leyti. Nýverið hafa þó skiptastjórnir samþykkt að opna gagnaherbergi (e. data room) þar sem fulltrúum skilanefndar/slitastjórnar gefst kostur á að kynna sér stöðu mála.

Margvíslegar og ítrekaðar tilraunir til að fá þessu ástandi aflétt hafa enn ekki borið árangur. Af hálfu skilanefndar og slitastjórnar hefur verið reynt að fá dómsúrskurð í þá veru og er málarekstur nú fyrir áfrýjunardómi í Hollandi. Í millitíðinni hafa átt sér stað viðræður um friðsamlega lausn málsins og standa vonir til að þeim ljúki á jákvæðan hátt fyrir LBI.

### 6.10.3 LABKI FINANCE

Ákveðið var að stofna dótturfélag um starfsemi útibúsins í Kanada vegna þeirrar óvissu sem í öndverðu var um hvort heimild fengist frá fjármálaeftirliti Kanada (OSFI) til að reka útibúið í óbreyttri mynd. Ekki þótti heldur ljóst hvort réttarvernd gegn ásókn kröfuhafa fengist í Kanada á grundvelli greiðslustöðvunarinnar á Íslandi<sup>15</sup>. Því var ákveðið að setja eignir útibúsins í dótturfélag, eins og fyrr segir, til að verja þær fyrir innheimtu- og fullnustuaðgerðum einstakra kröfuhafa. Eignir félagsins eru útlán og reiðufé. Báðir skilanefndarmenn sitja í stjórn Labki sem heldur reglulega fundi. Hjá Labki eru nú sex starfsmenn. Félagið sækir þjónustu til höfuðstöðva hvað varðar umsýslu útlána. Útlánaeftirlit. LBI hefur einnig eftirlit með lánabókinni.

### 6.11 ÞJÓNUSTUSAMNINGUR

Ekki var talið fjárhagslega hagstætt að byggja upp allar starfseiningar innanhúss og því ákveðið að úthýsa tilteknum verkefnum til NBI. Skilanefnd hefur auk þess í mörgum tilfellum þurft á sérfræðiþekkingu starfsmanna NBI að halda við lausn vissra verkefna. Við gerð samningsdraga hefur verið farið ítarlega yfir þá þætti sem einstakar deildir vinna fyrir LBI, gerð skrá yfir starfsþætti og vinnuframlag metið. Meðal þeirrar þjónustu sem sótt er til NBI er fjárhagslegur uppreikningur tiltekinna krafna, tæknipjónusta, starfsmannahald og ýmislegt fleira. Ekki hefur verið gengið endanlega frá samningi þótt meginhugmyndir hafi verið settar á blað. Skilanefnd telur hins vegar ástæðu til að endurskoða þau drög sem fyrir liggja þar sem viðmiðunarpörfin á þjónustu frá NBI er að mati nefndarinnar mjög ofmetin auk þess sem pörfin fer ört minnkandi.

### 6.12 STARFSEMI SEM EKKI ER LENGUR Á FORRÆÐI LBI

Eftir skipun skilanefndar réðst hún strax í aðgerðir til að tryggja erlenda starfsemi LBI. Setning neyðarlaga hinn 6. október 2008, sem meðal annars heimilaði FME að taka yfir stjórn viðskiptabanka með skipan skilanefnda, leiddi eins og kunnugt er til harkalegra viðbragða tiltekinna erlendra stjórnvalda. Breska ríkið beitti svokölluðum hryðjuverkalögum og frysti (e. freezing order) á grundvelli laganna allar eignir bankans í Bretlandi. Beiting hryðjuverkalaga hafði í fyrstu mjög neikvæð áhrif á starfsemi útibúa og dótturfélaga Landbankans erlendis - einkum á Bretlandseyjum. Sjálfsgagt er að geta þess að nefnd á vegum breska þingsins (House of Commons, Treasury Committee) gerði í skýrslu sinni, um áhrif af falli íslensku bankana, athugasemd við beitingu þessara laga og taldi eðlilegt að setja ný lög til að taka á viðlíka aðstæðum í framtíðinni.

<sup>15</sup> Slík viðurkenning fékkst þó á síðari stigum, þ.e. í apríl og maí 2009.

### 6.12.1 KEPLER OG MERRION

Í september 2005 keypti LBI Kepler Equities SA (hér eftir „KE“), evrópskt verðbréfafyrirtæki, sem áður hét Julius Bär Brokerage. KE sérhæfði sig í sölu og miðlun hlutabréfa til fagfjárfesta og rak auk þess öfluga greiningardeild. Höfuðstöðvar fyrirtækisins voru í París en einnig rak það starfsstöðvar í helstu fjármálamiðstöðvum Evrópu og í New York.

Kaup LBI á 50% hlut í írsku verðbréfafyrirtækinu Merrion Capital (hér eftir „MC“) voru undirrituð í nóvember 2005. Gert var ráð fyrir að bankinn eignaðist allt hlutafé félagsins á næstu þremur árum þar á eftir. MC var stofnað árið 1999 og voru starfsmenn þess 75 þegar kaupin voru gerð.

KE og MC voru í sölumeðferð við hrun LBI og hugðist Straumur-Burðarás fjárfestingabanki kaupa starfsemi félaganna. Eftir fall bankans varð ekkert af sölnunni. Af viðræðum og bréfaskriftum skilanefndar við stjórnendur KE og MC varð fljótlega ljóst að félögin gætu ekki haldið áfram rekstri undir eignarhaldi LBI og var því ákveðið að halda áfram sölumeðferð enda var það mat skilanefndar að virði bankans í félögunum minnkaði hratt og myndi með sama áframhaldi þurrkast út. Báðum málum lyktaði þannig að stjórnendateymi viðkomandi félaga keypti þau. Eðli máls samkvæmt voru óháðir ráðgjafar fengnir til þess að framkvæma sanngirnismat (e. fairness opinion) á viðskiptunum áður en frá þeim var gengið.

### 6.12.2 HERITABLE

LBI keypti Heritable Bank Plc árið 2000, skoskan banka með höfuðstöðvar í London. Bankinn var stofnaður árið 1877 í Glasgow. Sérsvið Heritable hefur verið ráðgjöf og útlánastarfsemi á sviði verkefnafjármögnunar íbúðabygginga.

Heritable Bank var settur í slitameðferð (e.administration) þann 7. október 2008. Ernst & Young LLP hefur umsjón með slitameðferðinni.

Þann 8. október 2008 var meirihluti innlánsreikninga í Heritable Bank fluttur til ING Direct.

### 6.12.3 LANDSBANKI SECURITIES UK

Fyrirtækið Landsbanki Securities (LS) varð til þegar starfsemi verðbréfafyrirtækjanna Bridgewell og Teather & Greenwood var sameinuð samhliða kaupum á Bridgewell í maí 2007. LBI hafði keypt Teather & Greenwood í febrúar 2005 og rekið undir því nafni.

Í kjölfar þess að LBI gat ekki staðið við verulegar ábyrgðir vegna skuldbindinga sinna fóru stjórnendur LS fram á gjaldþrot félagsins í nóvember 2008. Skömmu áður seldu þeir Straumi-Burðarás fjárfestingarbanka hf. (Straumur) vörumerkið “Teathers” ásamt ýmsum gögnum sem tengdust starfseminni. Nokkru síðar réði Straumur nokkra starfsmenn LS til sín. Hvorugt var gert með samþykki eða vitneskju skilanefndar, en þar sem um dótturfélag var að ræða var slík sala þó ekki háð samþykki hennar og ekki verður séð að þetta hafi bakað LBI nokkurt tjón.

### 6.12.4 LANDSBANKI GUERNSEY

Í ágúst 2006 tókust kaup LBI á Cheshire Guernsey Limited, banka á eyrni Guernsey í Ermasundi. Landsbanki Guernsey varð þar með dótturfélag LBI. Félagið var sett í skiptameðferð þann 7. október 2008. Rick Garrard og Lee Manning frá Deloitte voru skipaðir umsjónaraðilar í skiptameðferð, sá fyrrnefndi þann 7. október 2008 og sá síðarnefndi 10. október 2008..



### 6.12.5 AÐRAR STARFSSTÖÐVAR

LBI rak fjölmargar starfsstöðvar víðsvegar um heiminn. Hér að neðan eru þær tilgreindar og afdrif þeirra rakin í örstuttu máli.

**Osló:** Í útibúinu í Osló var einkum stunduð verðbréfastarfsemi. Áform voru uppi um viðtækari starfsemi en af þeim varð ekki. Kannað var hvort mögulegt væri að selja starfsemina, en litlar líkur voru taldar á að það gæti gengið og því ákveðið að leggja hana niður.

**Helsinki:** Útibúið í Helsinki var vart búið að festa sig í sessi, en þar fór aðallega fram verðbréfastarfsemi. Starfsemi útibúsins var hætt og starfsmönnum sagt upp

**Hong Kong:** Í Hong Kong var rekin undirbúningskrifstofa fyrir útibú sem lögð var niður. Engar meiriháttar eignir voru í skrifstofunni og einungis þrír starfsmenn.

**Singapore:** Í Singapore var rekin undirbúningskrifstofa sem lögð var niður. Engar meiriháttar eignir voru í skrifstofunni og einungis einn starfsmaður.

**Frankfurt:** Í Frankfurt stóð yfir undirbúningur að uppsetningu útibús en hætt var við það. Engar meiriháttar eignir voru þar og einungis einn starfsmaður tekin til starfa. Honum var sagt upp auk annarra þriggja sem ráðnir höfðu verið og hefðu átt að hefja störf í nóvember.

**Madrid:** Í Madrid stóð undirbúningur yfir til að setja á stofn útibú, en skrifstofan þar var lögð niður. Engar meiriháttar eignir voru þar og einungis einn starfsmaður í hlutastarfi. Starfsemi útibúsins var í raun rekin frá útibúinu í London. Lítil lánabók útibúsins var flutt til útibúsins í London í október og starfseminni lokað.

**New York:** Í New York stóð yfir undirbúningur við að setja upp útibú, en hætt var við það. Starfsmenn í New York voru ýmist starfsmenn útibúsins í London eða móðurfélagsins (LBI).

### 6.13 LANDSBANKINN Í LÚXEMBORG

Landsbanki Luxembourg S.A. (hér eftir „LLUX“) var dótturfélag LBI og hafði bankinn starfað frá árinu 2001. LLUX var upphaflega dótturfélag Búnaðarbanka Íslands hf. og gekk undir nafninu Bunadarbanki International S.A., en í kjölfar sameiningar Búnaðarbanka Íslands hf. og Kaupþings banka hf. var bankinn seldur til LBI og nafni hans breytt í Landsbanki Luxembourg S.A.

Daginn eftir að skipuð var skilanefnd sem tók yfir stjórn LBI var LLUX úrskurðaður í greiðslustöðvun að kröfu fjármálaeftirlitsins í Lúxemborg (CSSF). Samhliða úrskurðinum var LLUX skipaður umsjónarmaður á greiðslustöðvunartímabili (e. administrator) sem tók alfarið yfir stjórn bankans. Eftir skipun hans reyndi skilanefnd LBI án árangurs að ná samningum um málefni LLUX í þeim tilgangi að hámarka virði eigna búsins til hagsbóta fyrir alla kröfuhafa þess. Þrátt fyrir að greiðslustöðvun LLUX gildi til 8. apríl 2009, og svigrúm til að finna ásættanlegar lausnir fyrir alla aðila málsins væri nægilegt, var bankinn tekinn til skiptameðferðar að kröfu umsjónarmanns í greiðslustöðvun þann 12. desember 2008 á grundvelli þess að greiðslustöðvunin væri ekki að skila tilætluðum árangri. Þess ber að geta að á sama tímabili voru tveir bankar í Lúxemborg í greiðslustöðvun, báðir í eigu íslenskra banka, Kaupþings banka hf. og Glitnis banka hf. Báðir þessir bankar fengu umtalsvert meira svigrúm til að ná samningum fyrir dótturfélög sín, Kaupþing banki hf. til að finna kaupanda og Glitnir banki hf. til að ná nauðarsamningum.

Umsjónarmaður í greiðslustöðvun var skipaður annar tveggja skiptastjóra en hann sagði sig frá verkinu í maí á þessu ári. LBI hefur þótt nokkuð skorta á að fyrir liggi allar nauðsynlegar upplýsingar um stöðu LLUX sem nauðsynlegar eru svo unnt sé að ljúka samningum um meðferð málefna LLUX og hefur það tafið lausn mála. Seðlabankinn í Lúxemborg (BCL) og LBI eru langstærstu kröfuhafar LLUX

og fyrir hefur legið að samningar þessara aðila ráða miklu um hvernig með málefni þrotabús LLUX verður farið. Krafa BCL á hendur LLUX kemur til vegna lánveitinga BCL til LLUX. Lánað var gegn veðum sem LBI útvegaði dótturfyrirtæki sínu sem síðan endurlánaði móðurbankanum féð sem tekið var að láni hjá BCL. Veðin voru í formi skuldabréfa sem höfðu lánshæfiseinkunn A eða hærrí. Við fall bankanna færði BCL virði þessara skuldabréfa verulega niður og í kjölfarið sendi bankinn veðkall upp á tæpar 400 milljónir evra. Hefur útreikningur að baki þessu veðkalli aldrei verið rökstuddur nægilega að mati LBI. Er það mat LBI að ef hægt er með samningum að koma í veg fyrir brunaútsölu veðsettra eigna þá hrökkvi veðin fyrir skuldinni við BCL. Í apríl sl. komst nokkur gangur í viðræður aðila m.a. fyrir tilstuðlan Íslenskra stjórnvalda. Viðræður lágu þó að mestu leyti niðri í sumar þar sem skiptastjóri BCL var að taka saman uppgjör og yfirlit yfir stöðu bankans. Þessar upplýsingar lágu fyrir í drögum í september sl. og þýddi að LBI gat lagt mun betra mat á þá hagsmuni sem í húfi voru og þar með hverju væri hægt að kosta til að leysa málið og hámarka endurheimtur LBI úr bankanum. Ítarlegri upplýsingar skiptastjóra bárust síðan í október sl. og viðræður standa nú yfir milli aðila um heildstæða lausn málsins. Vonast skilanefndin til að niðurstaða um þá leið sem farin verður náist fyrir áramót.

## 6.14 RÁÐGJAFAR LBI

LBI hefur nýtt sér aðstoð fjölmargra erlendra ráðgjafa og lögfræðistofa í ýmsum verkefnum. Stærsti lögfræðiráðgjafi bankans er Morrison & Foerster LLP. Skilanefnd réði m.a. vegna hvatningar stærstu kröfuhafa, sérstaka fjármálaráðgjafa til að veita aðstoð og ráðgjöf í samningaviðræðum bankans við fjármálaráðuneytið vegna þeirra eigna er fluttar voru frá LBI til NBI. LBI hefur jafnframt þurft að nýta sér mjög mikið aðstoð endurskoðenda til að fara yfir bókhald og rannsaka fjárhagsleg málefni bankans og fleiri atriði. Sérhæfð teymi á vegum Deloitte á Íslandi og í London hafa starfað að þeim verkefnum.

### 6.14.1 MORRISON & FOERSTER LLP

Morrison & Foerster LLP (MoFo) eru helstu lögfræðiráðgjafar LBI. Fyrirtækið er bandarískt að uppruna og rekur sögu sína allt aftur til 1856. Í dag rekur MoFo skrifstofur í sextán löndum. Meðal verkefna sem MoFo hefur sinnt fyrir LBI eru:

- Málarekstur vegna viðurkenningar á greiðslustöðvun LBI erlendis.
- Skjalagerð í samstarfi með íslenskum lögfræðingum vegna samkomulags um verðmæti þeirra eigna er fluttar voru frá LBI til NBI.
- Aðstoð við skilanefnd vegna upplýsingagjafar til kröfuhafa.
- Viðræður við skiptastjóra Heritable vegna kröfu LBI á hendur bankanum
- Varnir í ýmsum málum sem höfðuð hafa verið á hendur LBI.
- Aðstoð við rannsókn á bókhaldsmálefnum bankans.
- Aðstoð við aðgerðir í því skyni að endurheimta eignir erlendis
- Ýmis konar önnur lögfræðiráðgjöf og álitserðir.

Framangreint yfirlit er ekki tæmandi. Þeir lögfræðingar MoFo sem starfað hafa fyrir LBI eru margir með áralanga reynslu af fjármálagerningum og hafa starfað fyrir nokkur af stærstu fjármálafyrirtækjum Bandaríkjanna. Þeir hafa jafnframt viðamikla reynslu í gjaldþrotarétti, bæði í Bandaríkjunum og á Bretlandi, og hafa starfað við endurskipulagningu stórra alþjóðlegra fyrirtækja.

### 6.14.2 BARCLAYS

Í byrjun þessa árs réð skilanefnd Barclays sem fjármálaráðgjafa. Barclays er alþjóðlegur banki með rúmlega 300 ára sögu og skrifstofur í 50 löndum. Barclays hefur séð um ýmis verkefni fyrir skilanefnd. Þau varða þó að langstærstu leyti samningana milli LBI og fjármálaráðuneytisins vegna verðmætis þeirra eigna er fluttar voru til NBI. Meðal verkefna sem Barclays hefur sinnt er að

- aðstoða LBI við að meta og greina mögulega fjármálagerninga
- aðstoða við samninga um fjármálagerninga
- aðstoða LBI við að fara yfir verðmat á eignunum NBI er gerð hafa verið af þriðja aðila
- að taka þátt í óformlegum kröfuhafafundunum

LBI hefur notið liðsinnis sérfræðinga frá skrifstofum Barclays í Bandaríkjunum og á Bretlandi. Þeir starfsmenn Barclays sem starfa fyrir skilanefnd hafa viðamikla reynslu af endurskipulagningu fyrirtækja, samningatækni og samningagerð, rekstrarráðgjöf og ráðgjöf við fyrirtæki í fjárhagslegri endurskipulagningu.

### 6.14.3 DELOITTE

Fljótlega í kjölfar skipunar skilanefndar gerði FME kröfu um að fram færi frumrannsókn á því hvort óeðlilegar tilfærslur eigna LBI hefðu átt sér stað í aðdraganda þeirra aðgerða sem gripið var til á grundvelli laga nr. 125/2008. Skilanefnd óskaði eftir aðstoð sérfræðinga Deloitte við verkefnið. Frumrannsóknin varðaði m.a. fjármagnshreyfingar, afleiðusamninga, útlánamál, veðtryggingar, viðskipti starfsmanna og stjórnenda, tölvugögn o.fl.

Umfang frumrannsóknarinnar takmarkaðist við þróngan tímaramma eða síðustu 30 dagana fyrir hrun. Þeir starfsmenn Deloitte sem stýrðu verkefninu hafa starfað bæði við innri- og ytri endurskoðun og auk þess að ráðgjöf við ríkislögreglustjóraembættið í tengslum við rannsókn á efnahagsbrotamálum.

Á vordögum tóku skilanefnd og slitastjórn ákvörðun um að hefja ítarlega og tæmandi rannsókn á málefnum bankans fyrir hrun, þ.m.t. rannsókn á riftanlegum ráðstöfunum (sjá nánar í kafla 5.2.6). Þrátt fyrir að bústjórn LBI gegni umfangsmiklu hlutverki í þessu starfi var strax ljóst að leita þyrfti til erlendra sérfræðinga vegna umfangs málsins og starfsemi og umsvifa erlendis. Leitað var til svonefnds réttarrannsóknarteymis Deloitte í London til að taka verkefnið að sér og jafnframt til sérhæfðra starfsmanna Deloitte á Íslandi til að starfa samhliða erlendu sérfræðingunum. Sérfræðingar Deloitte á þessu sviði hafa viðamikla reynslu af því að rannsaka ósamræmi í bókhaldi, fjársvik, peningaþvætti og spillingu. Jafnframt hafa þeir reynslu af því að rekja og finna eignir í skattaskjólum og löndum þar sem bankaleynd er mikil.

Deloitte er alþjóðlegt fyrirtæki og starfsmenn þess njóta eftir þörfum aðstoðar frá skrifstofum í öðrum ríkjum. Meðal annars hefur breska teymið unnið með íslenskum sérfræðingum Deloitte sem unnu að frumrannsókninni fyrir FME. Breska teymið er skipað starfsmönnum með allt að 20 ára reynslu af slíkum rannsóknum og hafa margir þeirra áður starfað í innri rannsóknarteymum fjármálafyrirtækja eða hjá opinberum rannsóknaraðilum s.s. Serious Fraud Office í Bretlandi.

Skrifstofa Deloitte á Íslandi hefur jafnframt aðstoðað skilanefnd við greiningu á reikningum bankans, leiðréttingar á bókhaldi vegna skiptingar bankans í LBI og NBI og auk þess unnið greiningu á verðmatsvinnu og ferlum bankans. Starfsmenn Deloitte er starfa við þessi verkefni hafa viðamikla reynslu af fjármálaráðgjöf, áreiðanleikakönnunum, verðmati og áætlanagerð.

### 6.14.4 AÐRIR

LBI hefur þurft að nýta sér aðstoð sérfræðinga um allan heim. Auk þeirra sérfræðinga sem þegar hefur verið getið hafa eftirtaldir aðilar einhverju sinni starfað fyrir LBI:

- Lögfræðistofan Simmons & Simmons í Hollandi aðstoðar bankann við ýmis lögfræðimál sem upp koma í Hollandi. Stofan vinnur meðal annars að málaferlum til að fá skipun skiptastjóra yfir útibúið í Amsterdam afturkallaða. Áður starfaði Allen&Overy fyrir LBI í Amsterdam.
- Lögfræðistofurnar Jeantet et Associés AARPI og Allen&Overy, báðar staðsettar í París, hafa veitt bankanum aðstoð vegna hagsmuna hans í Frakklandi.

- Lögfræðistofan Elvinger, Hoss & Prussen í Lúxemborg hefur meðal annars aðstoðað í samskiptum við stjórnvöld í Lúxemborg vegna samninga um aðkomu skilaneftar að rekstri Landsbankans í Lúxemborg. Jafnframt hefur lögfræðistofan Molitor í Lúxemborg verið fengin til aðstoðar við ýmis mál.
- Lögfræðistofan Steenstrup Storange hefur meðal annars veitt ráðgjöf vegna greiðslustöðvunar í Noregi og auk þess vann stofan að afléttingu kyrrsetninga í Noregi.
- Lögfræðistofurnar Squire Sanders & Dempsey og S.J.Berwin í Bretlandi hafa aðstoðað bankann í ýmsum málum.
- Lögfræðistofan Tavern Tschanz í Sviss hefur meðal annars unnið að afléttingu kyrrsetningar í Sviss og gæslu hagsmuna bankans þar.

KAFLI 7

## EIGNAUMSÝSLA

## 7 EIGNAUMSÝSLA

Unnið er markvisst að varðveislu eigna og verðmæta LBI. Mörkuð hefur verið stefna um meðferð hvers eignaflokks fyrir sig, vinnuferlar hafa verið útbúnir og verklag þróað til að unnt sé að sýsla með eignir á sem hagkvæmastan hátt.

### 7.1 LÁNABÓK

Meginregla og markmið LBI er að heimta greiðslur af lánum út líftíma þeirra. Endurskipulagning á lánum skuldunauta fer þó fram ef sýnt þykir að það muni auka endurheimtur. Ef möguleikar opnast til að endursemjja um kjör lána til hækkunar eða til styttingar greiðslutíma eru slík tækifæri jafnan nýtt. Ef tækifæri til sölu lána á markaði bjóðast er það skoðað í hverju tilfalli en leitast við að selja ekki nema sala fari fram því sem næst á nafnvirði. Ákvarðanir um meðferð lána fara fram í lánanefnd eins og fram hefur komið (sjá kafla 3.2.7) en auk þess er reglulega farið yfir lánabókina í heild sinni. Verði greiðslufall hjá skuldunaut og ekki þykir borga sig að endurskipuleggja lán hans er gengið til innheimtuaðgerða. Eins og áður er getið notfærir skilanefnd sér aðstoð Deloitte þegar kortleggja þarf eignastöðu skuldunauta á alþjóðamarkaði og mun LBI sækja eignir hvert sem er og sama hvers eðlis til fullnustu kröfum sínum að undangengnu kostnaðarmati við slíka innheimtu.

### 7.2 VERÐBRÉF

Skuldabréfum með gjalddaga á næstu 2-3 árum verður haldið út líftíma þeirra og tekur bankinn við afborgunum af þeim. Stefnt er að því að selja langtíma skuldabréf sem eru ekki með reglulegum afborgunum, háa lánsáhættu og langan líftíma.

Þá er stefnt að því að selja smærri stöður í skráðum hlutabréfum á næstu 6-9 mánuðum og hefur þegar verið hafist handa. Markmiðið er að halda stærri stöðum til 2012 eða 2013. Eignir verða seldar þegar hámarksverð fæst. Eftirfylgni og eftirlit með hreyfingu verðbréfasafnsins er dagleg og sóst er eftir sem gleggstum upplýsingum um markaðsþróun frá sérfræðingum. Í þeim tilfellum sem LBI á stórar eignastöður í fyrirtækjum mun bankinn nýta sér aðstoð sérfræðinga til að koma bréfunum á markað svo það hafi sem minnst áhrif á verðþróun þeirra. Óskráð verðbréf verða seld með aðstoð sérfræðinga eða fyrirtækjanna sjálfra þegar ásættanlegt söluverð fæst fyrir.

### 7.3 LAUSAFÉ

Til að unnt verði að greiða kröfuhöfum fjármagn um leið og ákvörðun slitastjórnar þar að lútandi liggur fyrir er lausafé bankans varðveitt með tryggum hætti. Um þessar mundir er laust fé bankans varðveitt á innlánsreikningum hjá seðlabönkum (Englandsbanka, Seðlabanka Hollands og Seðlabanka Íslands) og í nokkrum bönkum sem eru tryggir að mati sérfræðinga LBI. Leitast verður við að hámarka ávöxtun þessara fjármuna en þó með þeim hætti að tapsáhætta verði lítil sem engin.

### 7.4 FASTEIGNIR

Starfsmenn með sérþekkingu á fasteignastjórnun voru ráðnir til bankans ásamt sérhæfðum verktökum til að sinna viðhaldi eigna, öryggisgæslu, ræstingu o.fl. Verðmat eigna er framkvæmt af sérfræðingum og borið saman við eldra verðmat, lagt er mat á framtíðarvirði eigna, væntanlegar tekjur og gjöld af eignum kortlögð og í kjölfarið teknar ákvarðanir um hvort eignir séu boðnar til sölu eða leigu.

Fram til þessa hafa engar fasteignir bankans verið seldar en margar skráðar til sölu í samræmi við ákvarðanir skilanefndar. Lögð er áhersla á að söluferli fasteigna sé gegnsætt og opið. Í samræmi við þá meginreglu er mikilvægt að auglýsa fasteignir bankans áður en þær eru seldar.

## 8 FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR

Hér að aftan er skýrsla skilanevndar LBI í samræmi við 5. mgr. 102 gr. sbr bráðabirgðaákvæði VI. FFL. Athygli er vakin á því að áætlað virði eigna er háð verulegri óvissu m.a. vegna óþekktrar þróunar efnahagslegra þátta bæði innanlands og erlendis sem áhrif geta haft á framtíðarvirði þeirra. Fjárhæðir er varða rammisamning milli LBI og Fjármálaráðuneytisins eru enn fremur veittar með fyrirvara um það að endanlegir samningar verði í samræmi við rammisamninginn.

Samkvæmt FFL, eins og þeim var síðar breytt með lögum nr. 44/2009 sem gildi tóku 22. apríl sl., markar gildistaka síðari laganna skurðpunkt um rétt hæð vaxta og kostnaðar. Kröfur í erlendum gjaldmiðli skal umreikna í kröfuskrá í Íslenskar krónur eftir opinberlega skráðu sölugengi þann 22. apríl 2009. Bókfært virði eigna þann 30. september 2009 miðast við gjaldmiðlagengi þann dag. Reiknaðar skuldir eru hins vegar reiknaðar miðað við opinbert sölugengi Seðlabanka Íslands þann 22. apríl 2009 samkvæmt lögum.

Efnahagyrirlit LBI þann 30. september 2009 er sem hér segir


m.kr.	Bókfært virði eigna þann 30.9.2009	Áætlað verðmæti eigna 30.9.2009
Sjóðir kröfur á lánastofnanir	427.401	174.368
Útlán	1.301.277	516.497
Markaðsskuldabréf og hlutabréf	268.212	75.908
Afleiðusamningar	125.845	30.418
Hlutir í tengdum félögum	103.094	13.745
Fullnustueignir	1.305	994
Aðrar eignir	20.024	6.910
Heildar eignir án tillits til greiðslu vegna NBI hf.	2.247.158	818.840
Greiðsla frá NBI hf.		
A skuldabréf	303.962	303.962
Vextir af A skuldabréfi	12.743	12.743
Hlutafé í NBI hf.	28.000	28.000
<b>Eignir samtals</b>	<b>2.591.863</b>	<b>1.163.545</b>

m.kr.	Bókfærðar skuldir þann 30.9.2009	Reiknaðar skuldir miðað við gengi 22.4.2009
Skuldir við fjármálafyrirtæki	283.790	263.501
Almenn innlán	1.393.077	1.318.905
Verðbréfaútgáfa og önnur lántaka	1.650.877	1.364.872
Víkjandi lán	226.144	216.767
Afleiðusamningar	223.710	173.380
Aðrar skuldir	88.560	89.260
<b>Skuldir samtals</b>	<b>3.866.157</b>	<b>3.426.685</b>

	Gengi gjaldmiðla		
	22.04.09 <sup>16</sup>	30.6.2009	30.9.2009
GBP:	191.1	209.9	197.8
CAD:	105.5	109.9	115.7
EUR:	169.2	179.0	181.0

<sup>16</sup> Sölugengi seðlabankans þann 22.04.09

Megin hluti eigna LBI samanstendur af lánum og kröfum samanber mynd hér að neðan (miðað er við áætlað verðmæti). Næst stærsti eignaliður LBI er greiðsla frá NBI í samræmi við samkomulag milli LBI og Fjármálaráðuneytisins.



Hér að neðan gefur að líta bókfært virði eigna sem og áætlað virði þeirra við lok annars og þriðja ársfjórðungs. Greiðslan frá NBI miðast við rammasamning milli bankana en ekki er búið að ganga endanlega frá samningum og er því fjárhæðin með fyrirvara um að endanlegir samningar verði í samræmi við rammasamninga.

m.kr.	Bókfært virði eigna þann		Áætlað verðmæti eigna	
	30.06.2009 eftir rammasamning	30.09.09	30.06.2009 eftir rammasamning	30.09.2009
Sjóðir og kröfur á lánastofnanir	435.297	427.401	142.397	174.368
Útlán	1.320.061	1.301.277	567.768	516.497
Markaðsskuldabréf og hlutabréf	188.286	268.212	90.359	75.908
Afleiðusamningar	127.939	125.845	32.628	30.418
Hlutir í tengdum félögum	103.094	103.094	13.745	13.745
Fullnustueignir	0	1.305	0	994
Aðrar eignir	20.732	20.024	8.906	6.910
Heildar eignir án tillits til greiðslu vegna NBI hf.	2.195.409	2.247.158	855.803	818.840
<i>Greiðsla frá NBI hf.</i>				
Skuldabréf	307.498	303.962	307.498	303.962
Vextir á skuldabréf	10.770	12.743	10.770	12.743
Hlutafé	28.000	28.000	28.000	28.000
<b>Eignir samtals</b>	<b>2.541.677</b>	<b>2.591.863</b>	<b>1.202.070</b>	<b>1.163.545</b>

Áætlað verðmæti eigna í lok þriðja ársfjórðungs eru 1.164 milljarðar íslenskra króna en áætlað verðmæti heildareigna í lok annars ársfjórðungs var 1.202 milljarðar króna. Lækkun milli tímabila er því 38 milljarðar króna. Helsta ástæða þessa eru gengisbreytingar og lækkun á virði útlána sbr. nánar hér á eftir. Eins er lækkun á virði markaðsverðbréfa og er sú lækkun vegna sölu verðbréfa og breytinga á gengi gjaldmiðla milli tímabila. Breyting á bókfærðu virði eigna er í ekki veruleg fyrir utan breytingu á



markaðsskuldabréfum. Sú breyting skýrist af bréfum sem áður voru utan efnahags en eru nú bókfærð í bókhaldi bankans. Ekki hefur verið tekið tillit til áætlaðs verðmætis þeirra eigna þar sem mikil óvissa ríkir enn um þessar eignir.

Hér að neðan er tafla sem sýnir áætlað verðmæti eigna bankans eftir gjaldmiðlum þann 30. september 2009 á gengi þess dags. Til samanburðar er tafla sem sýnir áætlað verðmæti eigna bankans eftir gjaldmiðlum þann 30. júní 2009 uppreiknað með gengi frá 30. september 2009. Þegar heildarverðmæti eigna á þessum tímapiðum er borið saman eftir að tekið hefur verið tillit til gengisbreytinga þá sést að áætlað verðmæti lækkar um 17 milljarða króna.

<b>Eignir 30.09.09</b>							<b>Áætlað verðmæti eigna samtsals</b>
<b>m.kr.</b>	<b>ISK</b>	<b>USD</b>	<b>EUR</b>	<b>GBP</b>	<b>CAD</b>	<b>Aðrar myntir</b>	
Sjóðir og kröfur á lánastofnanir	10.921	9.098	70.485	78.578	425	4.861	174.368
Útlán	31.663	85.410	171.001	163.048	33.025	32.350	516.497
Markaðsskuldabréf og hlutabréf	32	8.415	8.858	57.297	564	742	75.908
Afleiðusamningar	30.418	0	0	0	0	0	30.418
Hlutir í tengdum félögum	0	0	13.745	0	0	0	13.745
Fullnustueignir	994	0	0	0	0	0	994
Aðrar eignir	744	0	845	5.321	0	0	6.910
Heildar eignir án tillits til greiðslu vegna NBI hf.	74.772	102.923	264.934	304.244	34.014	37.953	818.840
Greiðsla frá NBI hf.	28.000	94.226	165.107	57.372			344.705
<b>Eignir samtsals</b>	<b>102.772</b>	<b>197.149</b>	<b>430.041</b>	<b>361.616</b>	<b>34.014</b>	<b>37.953</b>	<b>1.163.545</b>

<b>Eignir 30.06.09 á gengi 30.09.09</b>							<b>Áætlað verðmæti eigna samtsals</b>
<b>m.kr.</b>	<b>ISK</b>	<b>USD</b>	<b>EUR</b>	<b>GBP</b>	<b>CAD</b>	<b>Aðrar mynti</b>	
Sjóðir og kröfur á lánastofnanir	11.818	12.551	57.893	54.203	560	2.317	139.341
Útlán	28.910	98.898	203.712	160.998	33.442	32.710	558.670
Markaðsskuldabréf og hlutabréf	120	13.206	12.527	58.635	27	1.966	86.482
Afleiðusamningar	32.628	0	0	0	0	0	32.628
Hlutir í tengdum félögum	0	0	13.899	0	0	0	13.899
Aðrar eignir	1.324	0	1.875	5.398	0	0	8.596
Heildar eignir án tillits til greiðslu vegna NBI hf.	74.800	124.655	289.905	279.234	34.030	36.993	839.616
Greiðsla frá NBI hf.	28.000	93.041	163.786	56.763			341.590
<b>Eignir samtsals</b>	<b>102.800</b>	<b>217.696</b>	<b>453.691</b>	<b>335.997</b>	<b>34.030</b>	<b>36.993</b>	<b>1.181.206</b>


Eins og fram hefur komið er starfsemi LBI í fjórum löndum, þ.e. á Íslandi, Bretlandi, Hollandi og Kanada. Neðangreind tafla sýnir áætlað verðmæti eigna eftir starfsstöðvum.

m.kr.	Ísland	Bretland	Holland	Kanada	Samtals
Sjóðir og kröfur á lánastofnanir	62.688	88.277	19.414	3.990	174.368
Útlán	187.490	213.390	80.888	34.729	516.497
Markaðsskuldabréf og hlutabréf	60.937	14.971	0	0	75.908
Afleiðusamningar	30.418	0	0	0	30.418
Hlutir í tengdum félögum	13.745	0	0	0	13.745
Fullnustueignir	994	0	0	0	994
Aðrar eignir	558	5.398	954	0	6.910
Heildar eignir án tillits til greiðslu vegna NBI hf.	356.830	322.036	101.256	38.719	818.840
<i>Greiðsla frá NBI hf.</i>					
A skuldabréf	303.962	0	0	0	303.962
Vextir af A skuldabréfi	12.743	0	0	0	12.743
Hlutafé í NBI hf.	28.000	0	0	0	28.000
<b>Eignir samtals</b>	<b>701.535</b>	<b>322.036</b>	<b>101.256</b>	<b>38.719</b>	<b>1.163.545</b>
Skuldir við fjármálafyrirtæki	258.751	0	4.751	0	263.501
Almenn innlán	7.536	979.487	331.882	0	1.318.905
Verðbréfaútgáfa og önnur lántaka	1.364.872	0	0	0	1.364.872
Vikjandi lán	216.767	0	0	0	216.767
Afleiðusamningar	173.161	219	0	0	173.380
Aðrar skuldir	71.959	15.918	1.383	0	89.260
<b>Skuldir samtals</b>	<b>2.093.045</b>	<b>995.624</b>	<b>338.015</b>	<b>0</b>	<b>3.426.685</b>

Helstu eignir bankans eru sem fyrr segir í formi útlána en einnig er stór hluti eignasafnsins sjóður auk markaðsbréfa.


Bókfærð lán á Íslandi eru fyrst og fremst útlán til skuldsettra eignahaldsfélaga og rekstrarfélaga þeim tengdum sem skýrir lágt áætlað endurheimtuhlutfall, eða 23%. Eignir útibúsins í Bretlandi eru að stærstum hluta útlán sem skiptast í sjóðsstreymislán (e. Leverage Lending) og eignatryggð lán (e. Commercial Finance). Áætlað endurheimtuhlutfall útlána í Bretlandi er 62,9%. Í Hollandi er bankinn fyrst og fremst þátttakandi í sjóðsstreymislánum sem erlendir bankar leiða. endurheimtuhlutfall útlána í Hollandi er áætlað 83,9%. Starfsemi útbúsins í Kanada var í byrjun þessa árs breytt í samvinnu við fjármálaeftirlitið í Kanada (OSFI) þannig að stofnað var dótturfélagið Labki sem yfirtók eignir og rekstur útibúsins í Halifax. Eignir Labki eru að mestu útlán til fyrirtækja tengd sjávarútvegi og vinnslu sjávarfangs, áætlað endurheimtuhlutfall í Kanada er 95,1%

Hér að neðan er mynd sem sýnir bókfært virði og áætlað verðmæti eigna eftir löndum fyrir lok annars og þriðja ársfjórðungs 2009.



Eignasöfn í Bretlandi, Hollandi og Kanada eru að miklu leyti til fyrirtækja sem eru í fullum rekstri og endurheimtur eru ágætar. Á Íslandi er eignasafn bankans að miklu leyti í vanskilum og endurheimtur bankans því að mestu háðar veðum og ábyrgðum. Þessi mismunur á eignasöfnum skýrir mun á bókfærðu virði eigna og áætluðu verðmæti þeirra milli landa.

Staða sjóðs í lok september var 156 m.kr. samanborið við 121 m.kr. í lok júní m.v. gengi dagsins 30. september 2009. Raunaukning sjóðs að teknu tilliti til gengisbreytinga er því 35 m.kr. Raunhækkun sjóðs að teknu tilliti til gengisbreytinga skýrist af innheimtum af lánum, greiðslum vegna sölu verðbréfa og greiðslum vegna innlausna á skuldabréfum bankans. Um varðveislu sjóða bankans er fjallað frekar í kafla 6.6. Neðangreind mynd sýnir skiptingu sjóðsstöðu bankans þann 30. september 2009.



Gjaldmiðlar	30.09.2009 m.kr.
GBP	78,578
EUR	53,095
ISK	10,921
USD	9,098
Other	4,49
<b>Total ISKm</b>	<b>156,182</b>

Kostnaður vegna reksturs LBI frá 8. október 2008 til 30. september 2009 hefur verið sem hér segir.

m.kr.	2008	2009
	Okt – Des	Jan - Sep
Laun og launatengd gjöld	1.022	2.465
Kostnaður skilanevndar, slitastjórnar og ráðgjafa	0	178
Lögfræði og sérfræðikostnaður	1.072	3.292
Bókhald og endurskoðun	30	204
Kostnaður skiptastjóra og ráðgjafa í Amsterdam	121	432
Húsnæðiskostnaður	83	254
Kostnaður vegna tölvu- og upplýsingakerfa	119	33
Annar sérfræðikostnaður	224	578
Kostnaður vegna þjónustusamnings (SLA)	450	975
<b>Samtals</b>	<b>3.121</b>	<b>8.412</b>
Samtals á Íslandi	579	3.400
Samtals í London	2.204	4.167
Samtals í Kanada	97	184
Samtals í Amsterdam	241	660

Kostnaður vegna skilanevndarmanna á tímabilinu október 2008 - 22. apríl 2009 var greiddur af FME. FME hefur lýst kröfu í bankann vegna þess kostnaðar en slitastjórn hefur hafnað þeirri kröfu.

Lögfræði og sérfræðikostnaður hefur verið nokkuð hár á árinu 2009. Stærsti kostnaðarliðurinn er vegna aðstoðar erlendra sérfræðinga. Stærstur hluti sérfræðikostnaðar á árinu 2008 er tilkominn vegna aðkeyptrar sérfræðiaðstoðar frá Bretlandi.

Kostnaður vegna tilsjónarmanna með útibúinu í Amsterdam er einhliða ákvarðaður og hefur ekki verið samþykktur af stjórnendum bankans á Íslandi. Efast er um lögmæti hans og er allur réttur áskilinn í því sambandi.

Kostnaður vegna þjónustusamnings (SLA) milli NBI og GLI er áætlaður, endanlegir samningar hafa ekki verið samþykktir.

**Skilanevnd Landsbanka Íslands hf. vísar til þeirra upplýsinga sem fram koma í 8. kafla skýrslu skilanevndar og slitastjórnar um greiðslustöðvun og önnur málefni Landsbanka Íslands hf. sem lögð er fram á fundi með kröfuhöfum 23. nóvember 2009. Einnig vísar nefndin til annarra kafla skýrslunnar og fyrirliggjandi kröfuskrár dags. 16. nóvember 2009 um lýstar kröfur í bú Landsbanka Íslands hf. á kröfulýsingarfresti sem lauk á miðnætti 30. október 2009.**

**Með vísan til þessara gagna um fjárhag bús Landsbanka Íslands hf. metur skilanevnd engar horfur á því að eignir Landsbanka Íslands hf. muni nægja til að standa við skuldbindingar bankans að fullu.**

**Yfirlýsing þessi er gefin samkvæmt boði 5. mgr. 102. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 með síðari breytingum sbr. og ákvæði þeirra laga til bráðabirgða nr. V.**

KAFLI 9

STARFSEMI OG RÁÐSTAFANIR  
LANDSBANKA ÍSLANDS HF. Á  
NÆSTU MÁNUÐUM

## 9 STARFSEMI OG RÁÐSTAFANIR LBI Á NÆSTU MÁNUÐUM.

Hér að framan hefur verið lýst í meginatriðum hvernig daglegri starfsemi LBI frá 7. október 2008 hefur verið háttað. Ekki er gert ráð fyrir að verulegar breytingar verði gerðar á starfsemi bankans á næsta greiðslustöðvunartímabili, sem getur staðið í allt að níu mánuði frá 26. Nóvember, verði fallist á beiðni um greiðslustöðvun.

Ráðgert er að starfrækja útibú bankans í London og dótturfélagið Labki í Halifax með svipuðu sniði og verið hefur. Hvernig fer með starfsemi í Amsterdam og aðkomu skilanevndar og slitastjórnar að henni ræðst að nokkru af skiptameðferð á útibúinu á grundvelli hollenskra laga og þeim viðræðum við hollensk stjórnvöld sem vísað hefur verið til. Vænta má þess að dagleg starfsemi verði svipuð og verið hefur. Tekið skal fram að engar upplýsingar hafa borist um að lánasafn útibúsins sé illa rekið, þvert á móti. Skilanevnd og slitastjórn hafa hins vegar haft áhyggjur af þeim mikla kostnaði sem af þessu tvöfalda kerfi hefur hlotist og gæti lent á kröfuhöfum LBI.

Umsýsla eigna LBI verður áfram á forræði skilanevndar bankans samkvæmt því fyrirkomulagi sem lögfest var með bráðabirgðaákvæði II í lögum nr. 44/2009. Gert er ráð fyrir að í meginatriðum verði fylgt sömu stefnu og hingað til. Í því felst að kröfur verði innheimtar eftir því sem þær falla á gjaldþaga. Lögð verður sérstök áhersla á innheimtu krafna sem eru í vanskilum, meðal annars með markvissri eignakönnun.

Meðferð krafna á hendur LBI verður áfram á forræði slitastjórnar bankans. Frestur til að lýsa kröfum rann út við lok dags 30. október 2009 og fer fyrsti kröfuhafafundur um lýstar kröfur fram þann 23. nóvember 2009. Að loknum kröfulýsingarfresti gaf slitastjórn út kröfuskrá þar sem fram kom hvaða kröfum var lýst og með hvaða réttshæð. Slitastjórn hefur tekið afstöðu til lýstra krafna samkvæmt 109. gr. - 112. gr. GPL með þeim hætti sem greinir í kröfuskrá.

Þeim kröfuhöfum sem lýst höfðu kröfum sem ekki hefur verið tekin afstaða til var tilkynnt að frestað væri að taka afstöðu til krafna þeirra. Jafnframt var tilkynnt að afstaða til tilgreindra krafna yrði tekin eins fljótt og kostur væri og að kröfuhafafundi um lýstar kröfur yrði framhaldið fyrri hluta næsta árs um þær kröfur sem þá hefði verið tekin afstaða til frá fyrsta fundi.

Að því leyti sem afstöðu slitastjórnar til viðurkenningar krafna verður mótmælt fyrir eða á kröfuhafafundi þann 23. nóvember 2009 verður leitast við að jafna ágreining um viðkomandi kröfur. Ágreiningi um kröfur sem ekki tekst að jafna verður vísað til dómstóla til úrlausnar. Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðar í ágreiningsmálum þessum og fer um málsmeðferð samkvæmt 171. gr. GPL sbr. XXIV. kafla GPL. Úrskurðir héraðsdóms sæta kæru til Hæstaréttar Íslands og er kærufrestur tvær vikur frá uppsögu úrskurðar. Óljóst er hvenær vænta má endanlegra dóma í þessum ágreiningsmálum.

Samkvæmt 6. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002 sbr. 6. gr. laga nr. 44/2009 er slitastjórn heimilt að loknum fyrsta kröfuhafafundi, í einu lagi eða áföngum, að greiða viðurkenndar kröfur að hluta eða að fullu að því marki sem tryggt er að eignir bankans hrökkvi til að minnsta kosti jafnhárrar greiðslu allra annarra krafna sem standa eins í réttindaröð og ekki hefur verið endanlega hafnað við slitin. Fram kemur í ákvæðinu að þess skuli gætt að allir sem fara með viðurkenndar kröfur í sömu réttindaröð fái greiðslu á sama tíma, en frá því má víkja með samþykki þeirra sem ekki fá greitt eða samkvæmt ákvörðun slitastjórnar ef kröfuhafi býðst til að gefa eftir kröfu sína gegn greiðslu hluta, sem víst má telja að sé lægri að tiltölu en aðrir jafnstæðir kröfuhafar munu fá á síðari stigum, þar á meðal að teknu tilliti til þess hvort kröfur þeirra beri vexti fram að greiðslu.

Samkvæmt þessu ákvæði gæti slitastjórn byrjað að greiða inn á þær kröfur sem hlytu endanlega viðurkenningu á kröfuhafafundi 23. nóvember 2009 að loknum þeim fundi enda séu önnur skilyrði uppfyllt. Verði ágreiningur um afstöðu til viðurkenningar krafna sem annars væri unnt að greiða upp í myndu greiðslur bíða þar til endanleg niðurstaða dómstóla lægi fyrir. Unnið verður að undirbúningi útgreiðslna þannig að unnt verði að ráðstafa peningaeign til kröfuhafa um leið og lagaskilyrði standa til þess.

Eins og lýst hefur verið stendur yfir rannsókn á starfsemi LBI í samstarfi við Deloitte þar sem meðal annars er til athugunar hvort unnt sé að rifta ráðstöfunum á grundvelli XX. kafla GPL og hvort bankinn geti átt skaðabótakröfur á hendur þriðja aðila vegna tjóns sem hann hefur orðið fyrir. Unnið verður að riftunar- og skaðabótamálum eftir því sem upplýsingar um tilvik koma fram og gagna til stuðnings kröfum hefur verið aflað.

LBI mun óska eftir því við fyrirtöku í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 26. nóvember nk að greiðslustöðvun bankans verði framlengd í allt að níu mánuði eða allt til 26. ágúst 2010. Verði ákveðið að óska eftir framlengingu greiðslustöðvunar eftir þann tíma verður haldinn kröfuhafafundur þar sem þau áform verða kynnt og farið yfir stöðu bankans.

# FYRIRVARI

Skýrsla þessi er gefin út af skilanefnd og slitastjórn í samræmi við reglur íslenskra laga og ræðst efni hennar eingöngu af íslenskum lögum.

Skýrsla þessi og allt efnisinnhald hennar er trúnaðarmál og eingöngu til afnota fyrir þá sem lýst hafa kröfu á hendur LBI.

Skýrslunni er ætlað að veita almennar upplýsingar um málefni bankans. Upplýsingar sem fram koma í skýrslunni kunna að innihalda villur. Skilanefnd og slitastjórn áskilja sér rétt til að breyta efni skýrslunnar, leiðréttu það eða uppfæra hvenær sem er án fyrirvara. Skýrslan kann að innihalda efni sem er háð eignarrétti þriðja manns og efni háð höfundarrétti, sem ber að virða í hvívetna.

Hvorki skilanefnd né slitastjórn geta orðið bótaskyld gagnvart þriðja manni vegna beins-, óbeins- eða afleidds tjóns sem kann að leiða af notkun skýrslunnar eða þess að byggt sé á efni hennar með einhverjum hætti.